

# **Gerðir kirkjuþings 2016**

**54. kirkjuþing,**

**haldið í Grensáskirkju**

**5.-9. nóvember 2016**

**og**

**25. febrúar 2017**



## Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	5
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur .....	9
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2016 .....	13
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs .....	15
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar .....	30
3. mál. Skýrslur nefnda .....	39
4. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga .....	40
5. mál. Þingsályktun um grunnskipan þjóðkirkjunnar .....	41
6. mál. Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings.....	42
7. mál. Þingsályktun um sóknasamband.....	43
8. mál. Þingsályktun um átak til aukins samstarfs sókna.....	44
9. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.....	45
10. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.....	47
11. mál. Starfsrgl. um biskupsstofu .....	48
12. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kirkjuráð nr. 817/2000.....	50
13. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kirkjuráð nr. 817/2000.....	52
14. mál. Tillaga til þingsályktunar um vinnureglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs .....	54
15. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kosningu biskups Íslands og víglubiskupa nr. 1108/2011 .....	55
16. mál. Þingsályktun um ráðningu starfsmanns kirkjuþings.....	56
17. mál. Þingsályktun um skírnarfræðslu .....	57
18. mál. Þingsályktun um líknarsjóði sókna.....	58
19. mál. Þingsályktun um útgáfu sálmabókar þjóðkirkjunnar árið 2017 .....	59
20. mál. Tillaga að starfsrgl. um breytingu á starfsrgl. um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002 .....	60
21. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009 .....	61
22. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 .....	62
23. mál. Skýrsla um stefnumótun þjóðkirkjunnar .....	63
24. mál. Þingsályktun um samkirkjustefnu þjóðkirkjunnar .....	64
25. mál. Þingsályktun um æskulýðsstarf í söfnuðum þjóðkirkjunnar.....	68
26. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 .....	69
Kjör í nefndir.....	70



## Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2016, 54. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á kirkjuþing, kirkjuþingsfulltrúar, starfsmenn og gestir.

Hér í upphafi máls míns vil ég geta þess að innanríkisráðherra, frú Ólöf Nordal hafði þekkt það um að koma og vera með okkur hér í dag en vegna alvarlega veikinda hennar gat ekki orðið af því. Við sendum henni okkar bestu óskir og batakvæðjur héðan af kirkjuþingi um leið og við biðjum góðan Guð um vernda hana, lækna og styrkja.

### Sjá, ég geri alla hluti nýja

Þetta fyrirheit í Opinberunarbókinni hefur verið mér ofarlega í huga undanfarið því í samfélaginu er víða kallað eftir breytingum, breyttum vinnubrögðum, breyttu samtali, breyttri umgengni. Oft finnst mér að það sé kallað eftir breytingum og einhverju nýju án þess að það fylgi hvernig á að breyta. Mér finnst oft áherslan vera frekar að fólk vilji fara frá einhverju ástandi fremur en að fara að einhverju. Stundum virðist vanta leiðsögn, sýn, lausnir og leiðir. Í öðrum tilfellum er skýr sýn á úrbætur og ný vinnubrögð.

Kallað er eftir gegnsæi og krafan um fyrirmyndarvinnubrögð er víða uppi. Þessu er mætt með ýmsum hætti. Kópavogur hefur t.d. tekið upp opið bókhald sem þýðir að almenningur getur skoðað bókhald sveitarfélagsins og fylgst með öllum útgjöldum. Ekki er ólíklegt að fyrr en seinna verði opið bókhald sjálfsagt hjá sveitarfélögum og stofnunum. Er kannski sjálfsagt að þjóðkirkjan og sóknir hennar taki upp opið bókhald?

Mikið er rætt um hvernig góður leiðtogi eigi að vera og hvernig eigi að stýra verkefnum. Nú um helgina er The Global Leadership Summit á Íslandi. Þessi merkilega ráðstefna sem Willow Creek samtökin standa að og hefur verið haldin hér á landi frá 2009 virðist dafna og stækka með hverju árinu. Fjöldi stjórnenda sækir ráðstefnuna og það er ánægjulegt að fólk úr safnaðarstarfi þjóðkirkjunnar sækir hana einnig til að læra hvernig má breyta, bæta og styrkja kirkjustarf. Á kirkjan að stuðla að frekari þjálfun og endurmenntun fólks sem sinnir ábyrgðarhlutverkum innan hennar?

Mörg fyrirtæki og stofnanir mæla hve ánægt fólk er með þjónustuna sem veitt er. Sumir birta jafnvel niðurstöðu slíkra kannana óháð því hver niðurstaðan er. Eru slíkar kannanir eitthvað sem við ættum að taka upp?

Víða eru standar með litríkum brosandum og sorgmæddum andlitum. Fólk er beðið að láta í ljós hve vel væntingum þeirra var mætt með því að velja andlit á takkaborðinu. Mundi fara vel á því að slíkir standar væru í kirkjum?

Þetta gert af því það er talið eðlilegt að stofnanir og stjórnendur sé ábyrgir gagnvart almenningi, notendum þjónustunnar. Eftir því sem vinnubrögð af þessu tagi verða almennari verður mikilvægar fyrir kirkjuna að gera eins, þó betur færi á því að mínu mati að hún hefði forgöngu í því að innleiða fyrirmyndar vinnubrögð.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði sífellt mikilvægar fyrir þjóðkirkjuna að vita hversu vel þjónusta hennar uppfyllir þarfir fólksins. Hvað finnst fólki hún gera vel, hvað er ekki í lagi, hverju þarf að breyta, hvað er það sem á að gera meira af?

Það er fólkið sem þiggur þjónustuna og tekur þátt í starfinu sem á að meta hversu vel kirkjunni tekst til. Það eru þarfir þeirra sem okkur ber að sinna og þeirra væntingar sem við eigum að uppfylla.

Það er ekki bara að maður verði var við ákall um breytingar í þjóðfélaginu heldur einnig þörf og þrá hjá fólki að gera eitthvað nýtt í sínu lífi. Bækur um leitina að hamingjunn seljast vel og fjöldinn allur af „gúrú-um“ bjóða fram þjónustu sína. Sumir þeirra segja að einstaklingar geti breyst á augabragði og að allt verði nýtt og betra á eftir. Ég hef verið á slíkum samkomum í London og Róm. Þar var heilmikil stemming og margt athyglisvert að sjá. Það sem mér fannst merkilegast var sú mikla þrá sem fólk hafði á því að breyta, sættast við fortíð og takast á við lífið með nýju hugarfari áhuga og ástríðu.

Við þekkjum vel bók þar sem er sagt frá fólki sem breytist gjörsamlega á einu augabragði. Símon Pétur var ekki kjarkmaður fyrr en eftir gjöf heilags anda og Sál varð nýr maður eftir atvikið á veginum til Damaskus. Trúað fólk hefur lengi vitnað um að það hafi frelsast, endurfæðst á augabragði.

Í haust kynntist ég blindum manni sem heitir Miles Hilton Barber. Hann missti sjónina þegar hann var 21 árs og lifði í þunglyndi þar til hann var fimmtugur. Þá ákvað hann að horfa ekki á það hvað hann gæti ekki gert heldur einbeita sér að því sem hann gæti gert. Miles hafði alltaf haft áhuga á því að fljúga og hafði ætlað sér að verða flugmaður þegar hann var unglingur. Augnsjúkdómurinn batt enda á þann draum. Eftir þessa miklu viðhorfsbreytingu þegar hann varð fimmtugur, ákvað hann að fljúga fisflugvél frá London til Sidney í Ástralíu. Fisflugvélin hans var eitthvað sem virtist samsett úr tveimur borðstólum, segli og sláttuvélamótor. En á þessu flaug hann til Sidney. Síðan hefur Miles afrekað margt ótrúlegt sem jafnvel mun yngra fólk með fulla sjón myndi ekki hafa kjark til að gera. Mér fannst saga Miles svo stórkostleg að ég fékk hann hingað til lands nú í október þar sem hann flutti 12 fyrirlestra. Ein eftirminnilegasta myndin sem Miles sýndi okkur var af honum blindum að ýta vini sínum fótalausum í hjólastól á botni Rauðahafsins. Þegar hann var spurður af hverju þeir hefðu farið að kafa í Rauðahafinu svaraði hann: Af því blindur maður og fótalaus maður höfðu aldrei gert þetta fyrr. Það þurfti að sýna fram á að þetta væri hægt. Það sem fólkinu sem sótti fyrirlestrana fannst svo aðdáunarvert við þennan mann var hve glaður hann var og hamingjusamur. Skilaboð Miles eru sígild. Það eru engar hindranir til nema þær sem við sættum okkur við.

Getum við sem berum mikla ábyrgð í íslensku þjóðkirkjunni lært eitthvað af Miles Hilton Barber? Gæti verið skynsamlegt fyrir okkur að tileinka okkur þá hugsun að það séu engar hindranir nema þær sem við sættum okkur við? Að allt gangi betur ef viðhorfið er jákvætt og við erum glöð? Að horfa til þess sem við getum gert í stað þess að vera stopp við það sem við teljum að ekki sé hægt? Mitt svar er já við getum lært mikið af þessum manni. Er ekki stórkostlegt að eftir að hafa lifað undir oki þunglyndis í 29 ár þá endurfæðist maðurinn og ákveður að verða ævintýramaður sem lætur drauma sína rætast? Jafnvel þó honum sé sagt að eitthvað sé ekki hægt þá svarar hann: Víst er það hægt, það hefur bara ekki verið gert áður!

Frá því ég fór að taka þátt í starfi kirkjunnar fyrir u.þ.b. 10 árum hef ég oft verið að fást við erfið mál og of oft óþarfa leiðindamál. Stundum verið að reyna að leysa ágreiningu og

sætta fólk sem ekki hefur alltaf verið þakklátt starf. Innan kirkjunnar hef ég orðið vitni að baktali og undirmálum sem eiga auðvitað ekki heima í kristinni kirkju. Ég velti því þess vegna fyrir mér hvort okkar eigin viðhorf séu kannski að hamla því að kirkjan og safnaðarstarfið, sem okkur þykir öllum vænt um, er ekki enn öflugra.

Ég hef því verið að hugsa um það hvort við getum ekki eins og Miles; varpað af okkur okinu, ákveðið að breyta, vaxa og bæta og gengið glöð í takt til móts við spennandi framtíð.

Sagði ekki einhverntíma einhver; „vilji er allt sem þarf“?

Kæru vinir. Kirkjuþing eftir kirkjuþing ræðum við málin, hvetjum, fögnum, þökkum og hörmum hitt og þetta. Sitjum hér og skiljum ekki alveg af hverju við náum ekki betri árangri, af hverju kirkjan nær ekki betur til fólks, af hverju ríkisvaldið er erfitt við okkur og af hverju þessum finnst hitt og öðrum þetta.

Því má spyrja að ef uppskeran ætti að vera meiri, hverju þurfum við þá að breyta til þess að fá betri uppskeru? Kannski fyrst og fremst okkur sjálfum, viðhorfum okkar og hugmyndum.

Getum við breyst? Viljum við breyta okkar vinnubrögðum? Ef svo er getur það gerst á augabragði. Ef við trúum Biblíunni þá er svarið já. Þar er líka öll sú leiðsögn sem við þurfum á að halda. Með bæn og í einingu andans er svo margt mögulegt.

Í Galatabréfinu er sagt að ávöxtur andans sé kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværd og sjálfsagi. Væru þessi orð ekki góð einkunnarorð í okkar samstarfi? Verður ekki auðveldara að takast á við verkefnin í þjóðkirkjunni ef við höfum þessi orð sem leiðarstef?

Samtalið við þjóðina er mikilvægt verkefni í okkar kirkju. Á mánudaginn kl. 13.00 verður kynningarfundur um það með hvaða hætti lagt er til að unnið verði að almannatengslum af hálfu þjóðkirkjunnar. Á þriðjudaginn verður upplýsingafundur þar sem farið verður yfir stöðuna í viðræðum við ríkisvaldið um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju.

Á þessu þingi eru lögð fram 24 mál. Þau eru auðvitað misjöfn. Sum stór og flókin, önnur einföld. Í öllum málum þurfum við að vanda okkur og gæta að því að öll sjónarmið fái að koma fram. Það á að mínu mati að leggja áherslu á að það sé að minnsta kosti reynt að ná góðri sátt um öll mál. Þá skiptir miklu að hafa í huga hvernig mál snerta þá sem þiggja þjónustu kirkjunnar eða taka þátt í starfi hennar. Það er mikilvægt að muna að starf kirkjunnar er borið uppi af sjálfboðaliðum sem gefa ótrúlega af tíma sínum, þekkingu og reynslu. Við megum ekki taka ákvarðanir sem gera það ólíklegra að fólki vilji starfa í sóknarnefndum af því afskiptasemi regluverksins dragi það inn í einhver leiðindi sem það hefur engan áhuga á. Regluverkið má ekki draga úr frumkvæði og starfsgleði. Ég tel mikilvægt að við höfum þetta í huga og nefni það að gefnu tilefni eftir samtal við sóknarnefndarformann og sóknarprest fyrir í vikunni.

Okkar hlutverk er að setja kirkjustarfinu ramma sem stuðlar að góðu og öflugu starfi hjá sóknum kirkjunnar út um allt land. Þar fer hið mikilvæga starf fram. Okkar er að hlúa að því og hlusta á fólkið sem þar sinnir safnaðarstarfi.

Það eru þeir sem eru á vettvangi sem skipta máli. Fáir hafa sagt þann sannleika betur en Theodore Roosevelt í ræðu við Sorbonne í París 23. apríl 1910. Ræðu sem hafði yfirskriftina

„Citizenship in a Republic“. Þekktasti kafli ræðunnar er jafnan nefndur „The man in the Arena“ og hefst á þessum orðum:

„Það er ekki gagnrýnandinn sem skiptir máli. Ekki sá sem bendir á hvernig hinn hrausti hrasar eða sá sem framkvæmir gæti hafa gert betur. Hróðurinn á sá sem raunverulega er inni á leikvanginum“.

Prestarnir, sóknarnefndarfólkið, starfsmenn og sjálfboðaliðar eru fólkið sem í okkar tilfelli er inni á leikvanginum. Höfum það ávallt í huga.

Á þessu kirkjuþingi verður lagt fram mál um sóknasamlag. Ég tel þetta afar brýnt því það er svo mikilvægt að rödd sóknanna heyrist betur og að þeirra hagsmunir séu vel skilgreindir. Nota bene, skilgreindir af þeim sjálfum.

Ég vona að við eigum gott samtal saman á þessu kirkjuþingi og að góður árangur verði af starfi okkar þjóðkirkjufólki öllu til heilla.

Að lokum þetta: Það mætti vera meiri gleði hjá okkur. Því má minna á þessi skilaboð úr 118 Davíðssálmi: Þetta er dagurinn sem Drottinn gerði, fögnum og verum glaðir á honum.



## Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskup, tónlistarfólk, góðir gestir.

Þegar saga kristinnar kirkju er skoðuð sést að staða hennar hefur verið með ýmsu móti hér í heimi. Nokkrir atburðir og mannanna verk hafa mótað hana, sveigt hana af leið, siðbætt hana og breytt stöðu hennar. Ber þar hæst sá atburður er við minnumst á næsta ári þegar munkurinn Marteinn Lúter mótmælti aflátssölu kirkju sinnar sem leiddi til þess að kirkjudeild sú er við tilheyrur er við hann kennd. Það var árið 1517 og hófst 500 ára minning siðbótarinnar með sameiginlegri bænastund kaþólskra og lúterskra í dómkirkjunni í Lundi á mánudaginn var, 31. október, siðbótardaginn. Í Lundi var lúterska heimssambandið stofnað árið 1947 og er íslenska þjóðkirkjan ein af stofnendum sambandsins sem telur núna 145 kirkjur í 98 löndum.

Á vegferð lútersku kirkjunnar hafa ýmsar ákvarðanir verið teknar sem leitt hafa hana áfram á veginum. Hér á landi hafði kirkjuskipan Kristján III. Danakonungs sem lögtekin var árið 1541 mikil áhrif. Þá hófst þátttaka veraldlega valdsins á stjórn kirkjunnar, en það fyrirkomulag var við lýði í mismunandi myndum þó, til ársins 1997 er þjóðkirkjan tók við stjórn innri mála sinna.

Þjóðkirkjuhugtakið er fyrst nefnt í stjórnarskránni sem staðfest var hér á landi árið 1874. Ákvæði hennar um þjóðkirkjuna hafði mikil áhrif vegna ákvæða hennar um vernd og stuðning ríkisvaldsins við kirkjuna. Það ákvæði er enn í gildi eins og kunnugt er og samkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 vill meiri hluti þjóðarinnar að svo verði áfram. Hlýtur það að benda til þess að þjóðin vilji enn um sinn láta kristin gildi og lífsskoðun ráða för í mótun samfélagsins. Á meðan núverandi stjórnarskrá gildir hlýtur sá skilningur að ríkja, að það sé viljayfirlýsing ríkisins að það vilji standa á kristnum grunni, viðurkenni að þjóðmenningin byggir á kristnum verðmætum og vilji styðja kirkjuna til áhrifa á fólkið í landinu hvað varðar hugsunarhátt og framkomu.

En hvað merkir það að hin lúterska kirkja okkar sé þjóðkirkja? Það merkir ekki eitthvað eitt. Það getur merkt það að meirihluti þjóðarinnar tilheyrir henni. Sá skilningur hefur verið útbreiddur og finnst sumum þeim er ekki vilja tilheyra henni að það geti ekki gengið lengur að ríkisvaldið styðji og verndi kirkju sem fækkar í ár frá ári. Þjóðkirkja getur líka þýtt það að þjóðin og kirkjan séu nátengd, eigi samfylgd á stórum stundum í lífi fólks. Sú skoðun sem þó mest er haldið á lofti nú er að þjóðkirkjan sé þjóðkirkja vegna þess að hún vill þjóna öllum þeim er hér búa. Spyr ekki um skilríki þegar þjónustunnar er óskað. Þjóðkirkjan er kirkja sem hefur þéttriðið net um land allt og þjónar fólki í nærsamfélaginu. Boðar ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Það er kirkja sem er samhljóma þó raddirnar séu margar. Þá skilgreiningu vil ég nota um þá kirkju sem ég leiði sem biskup.

Eins og kunnugt er setti Lúter fram kenningar sem hafa haft mótandi áhrif á kirkjuna sem við hann er kennd. Hann setti fram kenninguna um hinn almenna prestsdóm sem er ástæðan fyrir því að við erum hér saman komin. Kenningin gengur út á það að enginn munur sé á mönnum, allir séu jafnir. Skírinn sem sé hin eina vígsla. „Sá sem stígur upp úr skírnavatninu, getur hrósað sér af því að vera nú þegar prestur, biskup og páfi“ sagði Lúter. Allir skírðir eiga að virða meginþætti almenns prestsdóms, sem eru boðun, fyrirgefning

og fyrirbæn. „Hinn almenni prestsdómur er ótvíræður vegna skírnarinnar og krefst þess að almennir safnaðarmeðlimir séu virkir í helgihaldi og stjórnun kirkjunnar.“ „Kirkjan er fyrst og fremst kirkja orðsins og náðarmeðalanna og hins almenna prestsdóms. Hún er sýnileg hér í heimi vegna þess að orðið er boðað og náðarmeðul veitt. Til þess að svo megi verða þarf hún skipulegt helgihald, hún þarf á embættismönnum að halda og stofnun sem tryggir starfsskilyrðin. Hin ósýnilega kirkja er aftur á móti samsett úr þeim sem meðtaka orð og náðarmeðul í trú sér til hjálpræðis.“ (Sigurjón Árni Eyjólfsson: Ríki og kirkja, bls. 81).

Kirkjuþing hefur það hlutverk að tryggja starfsskilyrðin. Það er gert með því að huga að ytra skipulagi, tryggja löggjöf um kirkjuna og leggja til atriði sem bæta innra starf hennar. Á þessu kirkjuþingi eru mál sem taka til alls þessa. Það er alveg ljóst að séu verkaskipti ekki skýr, boðvald ekki skýrt, víglínur ekki ljósar eða virtar, getur fólki í kirkjunni ekki liðið vel og gengur ekki í takt. Þá verður kirkjan ómstríð og rödd hennar veik, því í okkar lútersku kirkju er ekki einn talsmaður, eins og t.d. í rómversku kaþólsku kirkjunni, þar sem páfinn talar og kirkjan hlýðir. En þó kirkjan sé margróma þýðir það ekki það að allir hafi umboð til að gera hvað sem er, segja hvað sem er, hvar sem er. Fólkið í kirkjunni verður að vita hvað til síns friðar heyrir og virða þau mörk sem sett eru með reglum og siðum. Lúter var það ljóst að kirkja Krists þyrfti á stjórnun og skipulagi að halda. Hann setti þó ekki fram skipurit fyrir kirkjuna heldur greindi hann eðli hennar og forsendur.

Fyrir kirkjuþingi liggur frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga. Það er engin nýlunda, svo hefur verið á kirkjuþingum undanfarinna ára. Í mínum huga er ljóst að vinna við slíkt frumvarp verður að byggja á grunnvinnu sem felst í því að gæta hins lúterska trúararfs, efna til samtals meðal þjóðkirkjufólks um kirkjuna og koma sér saman um framtíðarsýn. Slík vinna getur tekið mörg ár eins og nú þegar hefur sýnt sig, en minna má á að þau 5 leiðarstef sem Frans páfi og Munib Younan undirrituðu fyrir hönd rómversku kaþólsku kirkjunnar og lúterska heimssambandsins síðastliðinn mánudag í dómkirkjunni í Lundi voru afrakstur 50 ára samtals milli þessara tveggja kirkjudeilda. Meginstefið er að kirkjudeildirnar eiga alltaf að hafa einingu að leiðarljósi en ekki einblína á það sem skilur að. Textinn er ekki langur, aðeins fimm setningar.

Lúter lagði m.a. áherslu á almenna þekkingu á boðskap Biblíunnar og það verður að segjast að okkar lúterska kirkja, þjóðkirkjan hefur ekki lagt nóga áherslu á þennan þátt. Áður en skólar tóku að nokkru leyti yfir fræðsluna hvað þetta varðar sáu kirkjunnar þjónar um uppfræðsluna og eldri kynslóð fræddi hina yngri. Eftir að skólaskylda komst á sofnaði kirkjan á verðinum og gerði ráð fyrir að skólinn sæi um uppfræðsluna. Nú hefur sú þróun orðið að lítil áhersla er lögð á kristinfræðikennslu í grunnskólum og kirkjan verður að sinna fræðsluhlutverki sínu sem skyldi. Það er ekki ásættanlegt að sjá lægri félagatölur kirkjunnar, ár frá ári og líta ekki í eigin barn hvað það varðar. Við verðum að uppfræða fólkið í landinu með öllum þeim tækjum sem í boði eru annars er hætta á því að færri og færri geri sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita menningararfinn hvað kristin áhrif áhrærir. Það hefur færst í vöxt að börn eru ekki skírð. Þar með fer barnið á mis við fræðslu um kristna trú og kristin lífsgildi sem mótað hafa þjóðfélag okkar um aldir.

Þórir Kr. Þórðarson, sá góði kennari og fræðimaður, sem hafði mjög svo mótandi áhrif

á kynslóðir presta um árabíl sagði í grein um lífsgildin og börnin: „Kristinn siður hefur haft mótandi áhrif á einstaklinga og þjóðir allt frá upphafi vega kristinnar sögu. Þegar kristinn siður ruddi sér braut til áhrifa meðal þróttmikilla, heiðinna þjóða norðurálfu, mýkti hann skap manna, lægði ofstopa, dró úr hefnigirni og gæddi allt líf þjóðanna siðfágun.“ Ég vil ekki að andvaraleysi kirkjunnar varðandi fræðslu og tilboð um hana verði til þess að trú, von og kærleikur gleymist, en á þessi atriði kristinnar trúar lagði Lúter áherslu.

Það er tiltölulega auðvelt að setja fram fræðslufni nú á dögum til þess eru margar leiðir. En það er ekki nóg. Það þarf að fylgja því eftir að fræðsla komist til skila. Prófastsdæmin hafa m.a. það hlutverk að standa fyrir fræðslu. Hvert prófastsdæmi getur tekið að sér málaflokk hvað fræðsluna varðar. Kirkjuráð verður að gera ráð fyrir fjármagni til verkefnisins í fjárhagsáætlun sinni. Fræðslumiðstöðvar um landið geta komið efninu á framfæri, en hlutverk þeirra er að standa að fræðslu fyrir fullorðna. Samvinna kirkjunnar og fræðslumiðstöðvanna er ekki nýlunda en aðalatriðið er að vinna stíft að því að koma efninu á framfæri og vinna að því að vekja áhuga fólks á efninu. Það er ekki nóg að útbúa efni og auglýsa námskeið. Aðal vinnan felst í því að vekja áhuga fólks. Til þess þarf mannafla, til þess þarf fjármagn.

Fyrir tveimur vikum fór fram landsmót æskulýðsfélaganna, en það hefur verið haldið í októbermánuði um áraraddir. Mótið fór fram á Akureyri að þessu sinni og sóttu það um 500 ungmenni víðs vegar að aflandinu. Undanfarin ár hefur æskulýðssamband þjóðkirkjunnar verið í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við landsmótin. Unglingarnir eru með þeim hætti minnt á að vera „gjörendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess“ eins og Jakob postuli orðar í riti sínu. Þátttakendur fá fræðslu og láta gott af sér leiða. Þau hafa frelsað þrælaborð úr skuldaánaud og safnað fyrir fátæk ungmenni á Íslandi svo dæmi sé tekið. Í ár var þemað í takt við verkefni okkar tíma, „Flóttamenn og fjölmennin.“ Ungmennin söfnuðu fötum áður en þau fóru að heiman fyrir flóttafólk og hælisleitendur á Íslandi, í Jórdaníu, Sýrlandi og Líbanon en í síðasttöldu löndunum vinnur lúterska heimssambandið með flóttamannahjálpi Sameinuðu þjóðanna og fleirum að hjálparstarfi. Undirbúningur og allt utanumhald þessara landsmóta er til fyrirmyndar í alla staði. Mikil þekking og reynsla hefur orðið til og ég fullyrði að þarna er kirkjan í farabroddi faglegheita og skipulags.

Fyrir nokkrum árum samþykkti kirkjuþing að setja á oddinn vinnu við forvarnir gegn kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi. Sú vinna hefur verið í gangi síðan og er nú farin að taka á sig mynd í formi námskeiða, fræðslumyndbands, gæðavottunar og fleira. Um er að ræða samstarfsverkefni fræðslusviðs og fagráðsins sem ber yfirskriftina Verklag í viðkvæmum aðstæðum. Þetta er sístætt verkefni sem stöðugt þarf að halda á lofti og tryggja að lifi til framtíðar. Unnið er að því að allt starfsfólk kirkna landsins fái tiltekna fræðslu og undirriti vilja sinn til þess að vinna samkvæmt þessu verklagi.

Með þessu móti mun kirkjan vera í farabroddi hér á landi hvað varðar forvarnir gegn kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi þar sem byggt er á alþjóðlegum stöðlum og samþykktum. Vinna þessi tengist því óneitanlega gæðastjórnun innan kirkjunnar og vinnustaðamenningu. Stefnt er að því að ýta verkefninu úr vör á haustmánuðum 2017. Þar sem um svo mikilvægt og viðkvæmt verkefni er að ræða er brýnt að tryggja því

brautargengi með öllum tiltækum ráðum þannig að það myndist sterk samstaða milli alls starfsfólks, allra sókna og prófastsdæma um þessi vinnubrögð.

Fullyrt er að ef lífsstíll allra jarðarbúa væri eins og Íslendinga þyrftum við um 20 jarðir. Þjóðkirkjan vill vera í fararbroddi og til fyrirmyndar í umhverfismálum. Eftir málþing sem haldið var um efnið í Skálholti fyrir ári var menntamálaráðherra hvattur til að beita sér fyrir stóraukinni fræðslu í menntakerfinu um vistkerfi jarðar. Á Skálholtshátíð í sumar var hafist handa við endurheimt votlendis á Skálholtsjörðinni. Markmið með endurheimt votlendis er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samningur um aðgerðir í loftslagsmálum sem samþykktur var í París í fyrra hefur tekið gildi á Íslandi en í honum er kveðið á um aðgerðir allra ríkja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kirkjan vill taka þátt í því að varðveita jörðina okkar og lífið á henni. Það er eitt af þeim stóru verkefnum sem fylgja þarf eftir innan kirkjunnar. Ég mun beita mér fyrir því að svo megi verða.

Minna má á að kirkjuþing samþykkti umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar árið 2009. Ástæða er til þess að hvetja til þeirra framkvæmda sem þar er getið, eins og t.d. að vinna gegn sóun og ofneyslu. Pappírslaysi á kirkjuþingi er liður í því.

Kirkjuþing kom fyrst saman árið 1958. Það hefur því starfað í hartnær 60 ár. Hlutverk þess hefur breyst eftir lagabreytinguna árið 1997. Hlutverk þess er ærið. Í nýju frumvarpi, sem hér er lagt fram er verkefnum þess fjölgað og hlutverk þess eflt. Það er liður í þeirri lýðræðisvæðingu sem á sér stað um allan hinn vestræna heim. Ég vara við því að ætla þinginu svo ærin verkefni að hinn almenni kirkjumaður eigi þess ekki kost að taka þátt í þingstörfunum. Það er ekki hægt að ætla vinnandi fólki að koma saman í höfuðborginni og afgreiða enn fleiri verkefni en nú þegar liggja fyrir þinginu ár hvert, án þess að gera ráð fyrir annars konar vinnubrögðum. Þau þurfa að vera markvissari, tæknilegri og studd meira utanumhaldi. Það er ekki hægt að ætla fólki að vinna flókna og faglega vinnu í margra manna hópi sem býr víðs vegar á landinu. Málefni kirkjunnar snúast um verkefni sem vinna þarf í skýru umboði en ekki um vald. Við erum saman á þeirri vegferð að byggja upp og viðhalda sterkri kirkju, Guði til dýrðar og náunganum til blessunar. Það gerum við með faglegum vinnubrögðum, aukinni fræðslu, fjölbreyttu helgihaldi, þjónustu í nærsamfélaginu, sérþjónustu og samtali. Með því að hafa skýrt skipulag og boðvald, virða mörk og ákveða og setja víglínur.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjuþingið, starfsfólki biskupsstofu og kirkjuráðs, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig tónlistarfólki og heimafólki hér í Grensáskirkju fyrir afnot af kirkju og safnaðarheimili.

## Kosningar í upphafi kirkjuþings 2016

Kosning þingforseta

Magnús E. Kristjánsson

Kosning 1. varaforseta

Egill H. Gíslason

Kosning 2. varaforseta

Drífa Hjartardóttir

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

### *Löggjafarnefnd*

Björn Jónsson

Geir Waage

Jónína Bjartmarz

Leifur Ragnar Jónsson

Sigurður Árni Þórðarson

Stefán Magnússon

Steindór R. Haraldsson

Þorgrímur Danielsson

Ægir Örn Sveinsson

### *Fjárhagsnefnd*

Birgir Rafn Styrmisson

Drífa Hjartardóttir

Egill H. Gíslason

Einar Karl Haraldsson

Gísli Gunnarsson

Gísli Jónasson

Hreinn Hákonarson

Ólafur Björgvin Valgeirsson

Svana Helen Björnsdóttir

### *Allsherjarnefnd*

Elínborg Gísladóttir

Guðbjörg Arnardóttir

Guðlaugur Óskarsson

Guðrún Karls Helgudóttir

Halla Halldórsdóttir

Marinó Bjarnason

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þórunn Júlíusdóttir

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning formanna fastra þingnefnda

*Löggjafarnefnd*

Steindór R. Haraldsson

*Fjárhagsnefnd*

Gísli Jónasson

*Allsherjarnefnd*

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

*Löggjafarnefnd*

Jónína Bjartmarz

*Fjárhagsnefnd*

Birgir Rafn Styrmisson

*Allsherjarnefnd*

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning kjörbréfanefndar

Gísli Jónasson

Steindór Haraldsson, formaður

Halla Halldórsdóttir

Drífa Hjartardóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þingskrifarar

Birgir Rafn Styrmisson

Halla Halldórsdóttir

1. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af kirkjuráði

## Skýrsla kirkjuráðs

### Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á síðasta kirkjuþingi til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkur-prestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir bóndi, Einar Karl Haraldsson framkvæmdastjóri, sr. Geir Waage sóknarprestur í Reykholtsprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi og sr. Gísli Jónasson prófastur og sóknarprestur Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

### Starfsemi kirkjuráðs

#### *Almennt*

Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og kristnisjóðs. Ráðið úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

#### *Kirkjuráðsfundir*

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hefur ráðið haldið fimmtán reglulega fundi á starfsárinu auk tveggja aukafunda. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.



### *Starfshópar kirkjuráðs*

Starfshópar kirkjuráðs, lagahópur, fjármálahópur og kirkjustarfshópur, eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

### *Starfsfólk kirkjuráðs*

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs Ellisif Tinna Viðisdóttir lét af störfum hinn 20. september s.l. en 253. fundur kirkjuráðs samþykkti hinn 16. ágúst að leysa hana undan starfsskyldum framkvæmdastjóra og ráða Odd Einarsson í starfið tímabundið. Oddur hefur starfað sem sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu en honum var veitt leyfi frá því starfi í þessu skyni. Hann er guðfræðingur að mennt og fyrrum sóknarprestur og hefur auk þess meistaragráðu í opinberri stjórnáslu. Annað starfsfólk kirkjuráðs eru Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi og Arnór Skúlason arkitekt sem gegnir stöðu verkefnisstjóra á fasteignasviði.

### *Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu*

Reglulegt kirkjuþing, 52. kirkjuþing 2015, hófst í Grensáskirkju þann 24. október og stóð til 28. október en var þá frestað og framhaldið í Digranesirkirkju 15. og 16. apríl 2016.

Á þinginu voru lögð fram 22 mál, kirkjuráð lagði fram fjögur mál, löggjafarnefnd átta mál, þingmannamál voru fimm, tvö flutt af biskupi Íslands, eitt flutt af biskupafundi, eitt af þjóðmálanefnd, eitt af starfshópi kirkjuþings 2014.

Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum. Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykktar kirkjuþings.

### **Ályktanir og samþykktir 52. kirkjuþings 2015 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim**

Kirkjuþing ályktaði að framvegis skuli fylgja rökstuðningur við skipan fólks í nefndir á vegum kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að þess verði gætt framvegis.

Kirkjuþing ályktaði um mikilvægi þess að ráðinn verði fjölmiðla- og upplýsingafulltrúi þjóðkirkjunnar sem fyrst enda er brýnt að efla kynningar- og upplýsingamál þjóðkirkjunnar. Kirkjuráði er mikilvægi málsins ljóst og vísar til 7. dagskrárliðar þessa (240.) fundar.

Kirkjuþing hvetur til þess að hugmyndir starfshóps um nýliðun innan þjóðkirkjunnar verði teknar til greina.

Kirkjuráð mun vinna með hugmyndir starfshópsins og taka málið til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar ársins 2016.

Kirkjuþing ályktaði að tímasetning kirkjuþings skuli ekki stangast á við landsmót æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð mun í samstarfi við forsætisnefnd gæta þess framvegis.



Kirkjuþing ályktaði, í samræmi við þingsályktanir kirkjuþings unga fólksins, að áfram verði unnið að fræðslu meðal leiðtoga í æskulýðsstörfum, unnið verði að umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og hún kynnt í söfnuðum landsins og mótuð verði rafræn samskipti og siðareglur í tengslum við þau fyrir æskulýðsleiðtoga og annað starfsfólk þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð mun taka mið af þessu í störfum sínum.

Kirkjuþing ályktaði að beina því til kirkjuráðs að skipað verði sem fyrst í fjármálahóp kirkjuráðs sbr. 12. gr. nágildandi starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000 þar sem fram kemur að kirkjuráð geti skipað starfshópa sér til ráðgjafar og aðstoðar við stefnumótun og að sinna tilteknum verkefnum.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í starfshópana á næsta fundi sínum.

*5. mál, starfsreglur um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar.* Kirkjuþing ályktaði að kirkjuráði verði falið að skipa þriggja manna starfshóp sem skoði málið í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu. Starfshópurinn hafi til hliðsjónar þær skýrslur sem unnar hafa verið um eignir þjóðkirkjunnar undanfarin ár.

Kirkjuráð samþykkti að skipa nefndina á næsta fundi sínum.

*7. mál, endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013.*

Kirkjuþing samþykkti að nefnd sem skipuð var á kirkjuþingi 2014 um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings vinni að málinu áfram og skili tillögum sínum fyrir kirkjuþing 2016.

*8. mál, er varðar starfsþjálfun prestsefna.*

Kirkjuþing ályktaði að fela kirkjuráði að taka til endurskoðunar nágildandi starfsreglur um þjálfun prestsefna frá 2002 með það í huga að leita leiða til að styrkja hana þannig að hún standist samanburð við starfsþjálfun prestsefna á hinum Norðurlöndunum.

Kirkjuráð samþykkti að taka starfsreglurnar til endurskoðunar.

*11.-12. mál, er varðar tillögu að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.*

Kirkjuþing samþykkti nýjar starfsreglur um val og veitingu prestsembætta. Athugasemdir hafa borist frá innanríkisráðuneytinu um að nauðsynlegt sé að gera lagfæringar á þeim starfsreglum sem samþykktar voru á kirkjuþingi.

Kirkjuráð samþykkti að lagfæra textann til samræmist við ábendingar ráðuneytisins.

*14. mál, er varðar þingsályktun um fræðslumál.*

Kirkjuþing ályktaði að ekki væri þörf á að gera könnun á stöðu kristinfræðikennslu í skólum, enda er hún bæði kostnaðarsöm, tímafrek og niðurstaða hennar ekki til þess fallin að ná fram breytingum. Lögð verði rík áhersla á framkvæmd fræðslunnar fremur en könnun.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið til umfjöllunar við gerð fjárhagsætlunar 2016 og fá upplýsingar frá þjónustusviði um hvaða verkefni eru á dagskránni á næsta ári.

*15. mál, er varðar tillögu til þingsályktunar um presta sem víglumenn.*

Kirkjuþing ályktaði að prestum þjóðkirkjunnar sé ekki heimilt að synja tveimur einstaklingum um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar. Kirkjuþing tók undir með biskupi sem tók af öll tvímæli um að biskup muni ekki gera tillögu til ráðherra um sérstakar reglur sem heimila prestum að synja fólki um hjónavígslu á grundvelli kynhneigðar.

*16. mál, er varðar ályktun við skýrslu þjóðmálanefndar.*

Kirkjuþing 2015 lýsti yfir ánægju sinni með málþingið „Hver er þá náungi minn?“ sem þjóðmálanefnd stóð fyrir í Norræna húsinu, 22. október sl.

*17. mál, er varðar skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og hinnar íslensku þjóðkirkju.*

Kirkjuþing kaus þrjá fulltrúa í viðræðuhóp og beindi því til kirkjuráðs að láta nefndinni í té nauðsynlega aðstöðu og fjármuni.

Kirkjuráð mun tryggja viðræðuhópnum aðstöðu og fjárveitingu.

*Kirkjuþing unga fólksins 2016*

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á biskupsstofu hinn 30. apríl 2016. Sjö mál voru á dagskrá, en sex fengu framgang og voru lögð fram til kynningar. Málin fjölluðu um kynningu á siðareglum kirkjunnar, um að endurvekja stöðu æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, um breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins varðandi meðferð þingmála kirkjuþings unga fólksins, um æskulýðsstarf í söfnuðum þjóðkirkjunnar, um umhverfismál og um eftirfylgd með málum kirkjuþings unga fólksins.

Kirkjuráð sendi kirkjuþing unga fólksins þakkir fyrir ábendingar og góðar tillögur.

**Ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2016**

Kirkjuþing unga fólksins – KUF kom saman á biskupsstofu þann 30. apríl 2016. Kirkjuþingsfulltrúar voru tuttugu frá átta prófastsdæmum, ásamt fulltrúa frá KFUM/K.

Margrét Arnardóttir úr Suðurlandsprófastsdæmi var kjörin forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþing hið almenna.

Sjö mál lágu fyrir þinginu að þessu sinni og var m.a. ályktað um meðferð mála á kirkjuþingi unga fólksins og starfsreglur kirkjuþings unga fólksins. Fannst kirkjuþingsfulltrúunum meðferð mála ekki nægilega skilvirk og skýr. Sömu mál lögju fyrir þinginu ár eftir ár og ef ekki ætti að taka störf þingsins alvarlega hver væri þá tilgangurinn með því. Þau lögðu til að á milli þinga starfaði nefnd kirkjuþingsfulltrúa sem sæi um að þrýsta á og fylgjast með meðferð þingmála og væri tengill KUF við kirkjuráð.

*Kynning á siðareglum þjóðkirkjunnar og heilræðum fyrir þau sem starfa með börnum og unglíngum*

1. mál varðaði siðareglur þjóðkirkjunnar og mikilvægi þess að fara yfir siðareglur kirkjunnar og heilræði með launuðu og ólaunuðu starfsfólki sóknanna. Söfnuðir ættu að halda slíka fundi í upphafi hvers starfsárs. Lagt var til að sóknarprestur eða fagaðili sæi um kynningu og fræðslu tengda siðareglunum. Siðareglur og heilræði fyrir fólk sem starfar má börnum og unglíngum má nálgast á heimasíðu ÆSKR, ÆSKP og á kirkjan.is.

*Staða æskulýðsfulltrúa á biskupsstofu endurvakin*

Kirkjuþing unga fólksins 2016 ályktaði um að endurvekja stöðu æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Sú staðreynd að nú væri enginn starfandi æskulýðsfulltrúi á biskupsstofu gæfi til kynna að æskulýðsstarf væri ekki mikilvægt innan kirkjunnar og það væri stór galli á starfi hennar. Æskulýðsfulltrúi á biskupsstofu væri formlegur málsvari barna- og æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar og hlutverk hans væri m.a. að fara yfir siðareglurnar og ítreka skimun leiðtoga í söfnuðum.

*Meðferð þingmála á kirkjuþingi unga fólksins*

Lagðar voru til breytingar á starfsreglum kirkjuþings unga fólksins til að auðvelda kirkjuþingsfulltrúum að fylgjast með meðferð þingmála að þingdegi loknum og til að tryggja að málin fengju eðlilega málsmeðferð en enduðu ekki í skúffu og gleymdust. Þingmál og þingskjöl skyldu vera aðgengileg öllum fulltrúum á netsvæði og þar væri einnig hægt að sjá hvar í kerfinu málið væri statt.

Fjórum vikum fyrir settan þingdag ættu kirkjuþingsfulltrúar að fá upplýsingar um afgreiðslu mála frá fyrra ári. Þá kæmi forseti kirkjuráðs á þingdegi til að gera grein fyrir afgreiðslu mála fyrra árs og svara fyrirspurnum. Þá væri hægt að leggja mál fyrir þingið aftur teldist það ekki hafa fengið fullnægjandi afgreiðslu. Þingsályktunartillagan innihaldi greinargóða lýsingu á því sem betur hefði mátt fara í meðferð málsins og tillögur til breytinga.

*Fræðslustefna þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing unga fólksins kallaði eftir því að kirkjan fylgdi eftir sínum eigin samþykktum og stæði vörð um æskulýðsstarf í söfnuðum. Þau hvöttu biskup Íslands og kirkjuráð til að tryggja að samþykkttri fræðslustefnu kirkjuþings 2005 væri fylgt eftir og vísuðu í 1. kafla fræðslustefnu þjóðkirkjunnar, 4. lið sem fjallar um starf með börnum og unglíngum, en þar er tilgreint meðal verkefna sé að:

„Stuðla að samfélagi fyrir unglíngi í kirkjunni s.s. með æskulýðsfélagi.“

og:

„Búa ungt fólk undir virka þátttöku í safnaðarstarfi.“

Tvær sóknir í Hafnarfirði og ein í Reykjavík hafa lagt niður unglíngastarf sitt til viðbótar við þær kirkjur sem enn lengur hafa vanrækt starf sitt á þessu sviði án þess að brugðist hafi verið við eða gerðar við það alvarlegar athugasemdir. Það er óviðunandi að stórar sóknir komist upp með það að sleppa þessum mikilvæga hlekk í þroskaferli trúarinnar til að spara nokkra tókalla.

### *Umhverfismál*

Kirkjuþingi unga fólksins er umhugað um náttúruna og var þingið í ár m.a. pappírslaut sem spor í átt að grænni kirkju. Á hverju ári hafa umhverfismál legið fyrir þinginu. Kirkjuþing unga fólksins fagnar því að á biskupsstofu sé starfandi nefnd sem vinnur eftir Ljósaskrefinu og umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar, en skorar um leið á þjóðkirkjuna í heild að fylgja í þau fótspor og vera leiðandi afl í samfélaginu í umhverfisvernd.

### *Tillaga um að fella starfsreglur kirkjuþings unga fólksins á brott og leggja þingið niður*

Á þriðja tug sjálfboðaliða sitja þingið á hverju ári og gefa vinnu sína til að reyna að stuðla að jákvæðum breytingum innan kirkjunnar en uppskera lítið.

Þingið hefur komið saman á hverju ári frá 2011 og sömu mál eru lögð fyrir þingið aftur og aftur, kirkjuþingsfulltrúar fá litlar upplýsingar um afdrif og meðferð þingmála og lítill árangur er sjáanlegur af störfum þingsins. Ef ekki á að taka störf kirkjuþings unga fólksins alvarlega af hverju er þá verið að halda slíkt þing? Í umræðum og nefndarvinnu var lagt til að þetta mál yrði fellt en því meiri áhersla ætti að vera á málinu um meðferð kirkjuþingsmála. Samþykkt var að koma á fót nefnd sem héldi utan um og fylgdi eftir málum KUF.

### *Vantrauststillaga á kirkjuráð*

Lögð var fyrir þingið vantrauststillaga á kirkjuráð vegna meðferða mála kirkjuþings unga fólksins, en málið var lagt fram til að ítreka þá ósk kirkjuþingsfulltrúa að störf þeirra séu tekin alvarlega og að mál af kirkjuþingi unga fólksins fái eðlilega meðferð. Málið var fellt.

Lýkur hér umfjöllun um kirkjuþing unga fólksins og ályktanir þess.

### **Verkefni kirkjuráðs**

Fyrsti fundur kirkjuráðs eftir 52. kirkjuþing var 240. fundur og var haldinn hinn 17. nóvember á síðasta ári. Alls urðu fundir kirkjuráðs 17 á kirkjuþingsárinu eins og áður hefur komið fram og var síðasti fundur fyrir núverandi kirkjuþing sá 256. í röðinni. Í skýrslu þessari verður vísað til fundanna um gjörðir kirkjuráðs í númeraröð og til hægðarauka verður einungis vísað til þess tugar sem þeir tilheyra. Þannig verður 240. fundur nefndur 40. fundur, 241. fundur verður nefndur 41. fundur o.s.frv. Einungis verður fjallað um mál sem tekin voru á dagskrá og hlutu þar afgreiðslu af hálfu ráðsins eða skuldbindandi ákvörðun var tekin um.

### **Verkefni kirkjuráðs á fasteignasviði**

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á tólf fundum kirkjuráðs á starfsárinu.

Á (2)40. fundi var greint frá dómi Héraðsdóms Vesturlands í máli sem varðaði dúntekju í s.k. Hagahólma. Kirkjumálasjóður var stefnandi í málinu en Héraðsdómur dæmdi stefnda í hag. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og á 256. fundi kom fram að Hæstiréttur hefði staðfest dóm Héraðsdóms.

Á (2)41. fundi voru tekin fyrir sex mál er vörðuðu fasteignasviðið. Fjórum af þeim var lokið með ákvörðun en þau vörðuðu (1) uppgjör við afhendingu prestssetursjarðarinnar Reynivalla, (2) erindi sóknarprestisins á Melstað varðandi ærgildi sem kirkjuráð samþykkti en klotnaði í afstöðu sinni og bókuðu tveir kirkjuráðsmenn að ærgildi í eigu kirkjujarða sem ekki væru í notkun ætti að selja þá þegar, (3) dóm Hæstaréttar í máli er varðaði Hrunaheiðar þar sem kirkjuráð samþykkti að greiða bætur vegna málsins samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar og að lokum (4) erindi frá ábúanda að Hálsi 2 í Fnjóskadal þar sem hann sótti um leyfi til landbúnaðarstarfsemi í atvinnuskyni en kirkjuráð samþykkti beiðnina.

Á (2)42. fundi var til umfjöllunar erindi sem kirkjuþing 2015 beindi til kirkjuráðs um að skipaður yrði þriggja manna starfshópur sem skoði ályktun við starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar í tengslum við stefnumörkun um eignir og eignastýringu. Kirkjuráð samþykkti að skipa í starfshópinn Önnu Guðmundu Ingvarsdóttur, formann, Egil Heiðar Gíslason og Ásbjörn Jónsson.

Á (2)43. fundi var kynnt kauptilboð í Laugaveg 31 og samþykkt að hvorki stæði til að leigja né selja Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, að svo stöddu.

Á (2)46. fundi var fundargerð kirkjustarfshóps lögð fram. Á fundinum voru alls átta mál til umfjöllunar er vörðuðu fasteignasviðið. Þremur þeirra lauk með ákvörðun ráðsins. Fyrsta málið varðaði breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar og lagningu mótorgrossbrautar í nágrenni Borgar á Mýrum. Kirkjuráð samþykkti að mótmælunum yrði komið á framfæri við viðeigandi aðila. Þá var samþykkt að rafstregur í landi Brúna yrði lagður í jörð. Að lokum var samþykkt erindi frá RARIK um að háspennukerfi frá Stóra Kroppi að Reykholti verði endurnýjað.

Á (2)50. fundi samþykkti kirkjuráð að fela kirkjustarfshópi að gera drög að eignastefnu fyrir næsta kirkjuráðsfund og byggja hana á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar frá 2012.

Á (2)51. fundi samþykkti kirkjuráð að tekjur af lóðarleigu vegna fjarskiptamasturs á prestssetursjörðinni Laufási megi renna til Laufáskirkju. Þá er samþykkt tillaga kirkjustarfshóps um að auglýsa jörðina Valþjófsstað til leigu, en undanskilja þau svæði sem sveitarfélagið hefur þá þegar til afnota. Að lokum er bókað að sóknarpresti Staðastaðarprestakalls hafi verið gerð grein fyrir því að reiknað sé með því að sóknarprestur taki við húsnæðinu og jörðinni frá 1. júlí 2016 og greiði leigu frá þeim tíma.

Á (2)53. fundi eru til umfjöllunar fjögur mál en engu þeirra lauk með ákvörðun.

Á (2)54. fundi voru til umfjöllunar þrjú mál og lauk þeim öllum með ákvörðun. Í fyrsta lagi var samþykkt erindi umhverfissviðs Mosfellsbæjar og Lágafellssóknar um breytingu á deiliskipulagi varðandi hringtorg á Þingvallavegi. Þá var samþykkt að veita Lágafellssókn umbeðna heimild til að brúa gilið milli kirkju og kirkjugarðs. Að lokum samþykkt beiðni sóknarnefndarinnar um stuðning við erindi þess efnis að Vegagerðin standi að gerð heimreiðar milli kirkju og prestsseturs, vegtengingu yfir gilið milli kirkju og nýs kirkjugarðs að Mosfelli ásamt bifreiðastæðum í samræmi við c lið 8. gr. vegalaga. Allar samþykktirnar voru háðar því skilyrði að viðunandi samningar náist við hlutaðeigandi aðila, bæjaryfirvöld og Vegagerðina um fjármögnun og þátt Vegagerðarinnar í framkvæmdum þeim sem sóknarnefndin hefur fyrirhugað að standa að samkvæmt erindi sínu til kirkjuráðs. Í



öðru lagi var samþykkt erindi prófests Vesturlandsprófestsdæmis varðandi úttekt þegar hann hverfur úr embætti og greiðslur fyrir landbætur og í þriðja lagi var samþykkt erindi sveitarfélagsins Skagafjörður varðandi lagningu ljósleiðara. Í þeirri samþykkt var tilgreint að hún væri í samræmi við stefnu kirkjuráðs í málaflokknum.

Á (2)56. fundi voru lagðar fram og kynntar fundargerðir kirkjustarfshóps. Af níunda fundi hópsins var tekinn fyrir 1. liður Málefni Breiðabólsstaðar í Fljótshlíð. Makaskiptasamningur milli jarðanna Lambey og Breiðabólsstaðar. Kirkjuráð samþykkti gerð samningsins. Aurasel. Deila stendur um veiðitekjur úr ánni Affalli sem höfðu fallið til Breiðabólsstaðar. Óskað var heimildar kirkjuráðs til að fá ráðgjöf frá landamerkjaserfræðingi vegna deilunnar. Heimildin var samþykkt. Skálholt. Kirkjustarfshópur átti fund í Skálholti skv. fundargerð dags. 14. september 2016. Samþykkt var að taka saman skýrslu um nauðsynlegar framkvæmdir á staðnum, þ.á.m. um flutning vígslubiskups í s.k. rektorshús. Brattahlíð 5 í Hveragerði, óskað var eftir heimild til sölu eignarinnar. Heimildin var samþykkt.

Málefni Skálholts og Mosfells. Fram kom tillaga um að gert verði verðmat fyrir eignina vegna hugsanlegar sölu hennar. Tillagan var samþykkt.

Oddi á Rangárvöllum, fyrirhuguð veglagning og brúargerð yfir Þverá. Samþykkt var að verða við erindinu enda komi eðlilegt gjald fyrir vegstæðið af hálfu Vegagerðarinnar.

Staðastaður, hæstaréttardómur í máli kirkjumálasjóðs gegn Kára H. Jónssyni.

Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá greiðslum á málskostnaði. Úrskurður Óbyggðanefndar á svæði 88. Erindi Inga Tryggvasonar hrl. Kirkjuráð telur ekki ástæðu til viðbragða. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindi lögmannsins. Skráningarmál. Erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Samþykkt var að kanna hvort og þá hvaða úrræði kirkjumálasjóður hefur til að bregðast við úrskurði ráðuneytisins.

### **Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála**

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á alls ellefu fundum á starfsárinu. Á (2)40. fundi er bókað að kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman spurningar sem fram hafi komið vegna fyrri samþykktar um skipun þriggja manna nefndar til að skýra verksvið biskups og kirkjuráðs og setja nefndinni erindisbréf. Þá er bókað að kirkjuráð samþykki að fela framkvæmdastjóra að leita tilboða í aðkeypta innri endurskoðun. Að lokum er greint frá því að kirkjuráð hafi undirritað ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2014.

Á (2)41. fundi er samþykkt úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna. Þá er samþykkt að fela framkvæmdastjóra að svara umsókn Ástjarnarsóknar um úthlutun á styrk til sóknarinnar. Samþykkt er að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því við Grafarvogssókn að leggja fram áætlun um hvernig sóknin hyggst greiða niður skuldir sínar. Samþykkt er að fela fjármálahópi kirkjuráðs að ræða við fulltrúa Hallgrímssóknar og fulltrúa Árbæjarkirkju. Fram fer önnur umræða um fjárhagsáætlun kristnisjóðs, kirkjumálasjóðs og rekstraráætlun biskupsstofu og samþykkt er að bjóða formanni PÍ og kjaramálafulltrúa PÍ á fund fjármálahóps kirkjuráðs til að fara yfir mál er varðaði erindi Prestafélags Íslands frá 10. nóvember til biskups Íslands og kirkjuráðs um endurskoðun á rekstrarformi

prestsembætta og rekstrarkostnaðar. Að lokum er samþykkt beiðni sálmabókarnefndar um að færa ónýtta fjárheimild yfir á næsta ár.

Á (2)42. fundi er samþykkt að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlana biskupsstofu, kirkjumálasjóðs og kristnisjóðs fyrir árið 2016 til næsta fundar og jafnframt er samþykkt að fjármálahópur kirkjuráðs rýni og undirbúi afgreiðslu fjárhagsáætlana. Þá er samþykkt endurnýjun samnings milli kirkjuráðs og kirkjugarðaráðs varðandi mælingar, ráðgjöf og kortagerð.

Á (2)43. fundi er samþykkt sú breyting að gerð verði sérstök rekstraráætlun fyrir kirkjumálasjóð, kristnisjóð og biskupsstofu fyrir árið 2016 þar eð rekstur biskupsstofu og styrkveitingar sjóðanna verði nú bókfærð á hvert viðfang. Kirkjuráð samþykkti síðan framlagðar rekstraráætlanir þessara aðila. Þá samþykkti kirkjuráð ársreikning kristnisjóðs 2015. Ráðið samþykkti síðan að veita Skógarmönnum KFUM vegna byggingar í Vatnaskógi styrk að fjárhæð 5 m.kr. og að veita kirkjumíðstöðinni á Eiðum styrk að fjárhæð 2,4 m.kr. úr Jöfnunarsjóði sókna. Að lokum var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skoða lög um Hinn almenna kirkjusjóð með það fyrir augum að finna sjóðnum ný verkefni.

Á (2)46. fundi voru tekin fyrir þrjú mál á sviði fjármála en engin endanleg afgreiðsla fór fram, tveimur málum var vísað til næsta fundar.

Á (2)48. fundi voru teknar fyrir og samþykktar endurskoðaðar rekstraráætlanir biskupsstofu og kirkjumálasjóðs. Bókað er að kirkjuráð samþykki að kr. 52.218.829,- verði bakfærðar frá biskupsstofu yfir á kirkjumálsjóð. Um þann hluta styrks vegna hagræðingarkröfu sé að ræða sem ógreiddur var 31.12.2015. Heildarstyrkurinn hafi verið áætlaður kr. 124.500.000,- skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Þá segir að kirkjuráð samþykki að kr. 72.281.171,- verði endurgreiddar kirkjumálasjóði af reikningi biskupsstofu, en það sé sá hluti styrksins sem búið hafi verið að greiða á árinu 2015. Að lokum segir undir þessum lið að kirkjuráð samþykki að veita heimild til að nýta ónýtta fjárheimild frá síðasta ári á yfirstandandi ári að fjárhæð kr. 222.216,- til að fjármagna þjónustu við tálknmálstúlkun. Að lokum eru tekin fyrir tvö mál og afgreidd með endanlegri samþykkt. Lögð er fram beiðni þjóðmálanefndar um aukna fjárveitingu vegna yfirstandandi árs og samþykkt að veita þjóðmálanefnd viðbótarfjárveitingu úr kirkjumálasjóði að fjárhæð kr. 500.000,- og verði því í heild að fjárhæð kr. 800.000,- vegna yfirstandandi árs. Að síðustu er lögð fram beiðni nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar um að fá að nýta ónýtta fjárheimild vegna ársins 2015 á yfirstandandi ári. Kirkjuráð samþykkti beiðnina.

Á (2)49. fundi eru lagðir fram og samþykktir ársreikningar kirkjumálasjóðs og þjóðkirkjunnar fyrir árið 2014.

Á (2)50. fundi er fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 6. maí sl. lögð fram og kynnt. Þá er samþykkt að fela fjármálahópi kirkjuráðs að undirbúa tillögur að skipan ráðgjafaráðs um fjármál til að styðja við söfnuði, kirkjuráð og biskupsstofu í samskiptum sínum við fjármálastofnanir. Þá samþykkir kirkjuráð að veita fjárheimild að fjárhæð 1 m.kr. úr kirkjumálasjóði til Prestastefnu 2016 til viðbótar við þær 3 m.kr. sem áður höfðu verið samþykktar í kirkjuráði. Síðan er samþykkt að kostnaðarhlutdeild kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs til biskupsstofu samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 verði greidd biskupsstofu mánaðarlega. Kirkjuráð telur mikilvægt að slíkt byggi á sjóðsstreymisáætlun. Að lokum

samþykkir kirkjuráð að fela fjármálahópi kirkjuráðs að kanna hagkvæmni og möguleika á útvistun bókhaldsvinnu í samráði og samstarfi við framkvæmdastjóra kirkjuráðs og skrifstofu- og mannauðsstjóra biskupsstofu.

Á (2)51. fundi er bókað að fram hafi verið lögð fundargerð fjármálahóps. Þá segir að kirkjuráð samþykki að ljúka við skráningu verklags fjármála biskupsstofu og sjóða kirkjunnar fyrir septembermánuð nk. og kirkjuráð samþykki að fresta útvistun bókhalds Skálholts til 1. janúar 2017. Næst eru tekin fyrir málefni Skálholts. Þar segir að nokkur mál hafi verið kynnt og séu til athugunar en síðan segir að kirkjuráð samþykki að veita úr kirkjumálasjóði 47.5 m.kr. til viðhalds í Skálholti, með þeim fyrirvara að sex mánaða uppgjör kirkjumálasjóðs sýni fram á að svigrúm sé til þess. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að fylgja málinu eftir. Næst er bókað að kirkjuráð samþykki að gangast í ábyrgð vegna lántöku Ástjarnarsóknar Kjalarnesprófastsdæmi að fjárhæð allt að 60 m.kr. Sóknin hafi verið stofnuð af kirkjubingum 2001 og síðan þá hafi starfsaðstaðan verið óviðunandi. Sú sérstaða safnaðarins sé grundvöllur ákvörðunar kirkjuráðs og sé ekki fordæmisgefandi fyrir aðra söfnuði. Séra Gísli Gunnarsson óskaði eftir að bókað yrði að hann sæti hjá við afgreiðslu málsins. Nokkur mál voru lögð fram til kynningar og að lokum var lagt fram erindi frá verkefnisstjóra kirkjutónlistar dagsett í júní 2016 varðandi nýjan samning við Fjölís. Kirkjuráð samþykkti samninginn.

Á (2)53. fundi var lögð fram og kynnt fundargerð fjármálahóps. Þá var tekið fyrir erindi nefndar um fimm alda minningu siðbótarinnar. Kirkjuráð samþykkti að veita nefndinni vilyrði fyrir 13 m.kr. fjárveitingu sem nefndin sækir um samkvæmt fjárhagsáætlun. Vilyrðið er háð því að svigrúm sé í kirkjumálasjóði en það kemur í ljós við heildarfjárhagsáætlunargerð kirkjumálasjóðs og fer afgreiðsla málsins fram á úthlutunarfundi kirkjuráðs í desember. Næst var tekið fyrir erindi frá Stórólshvolfssókn með bréfi dags. 15. ágúst sl. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að svara erindi fulltrúa sóknarnefndar og jafnframt að fela starfsfólki fasteignasviðs að kynna sér málið í héraði. Þá var tekið fyrir erindi og umsókn um fjárveitingu lagt fram frá undirbúningshópi sem hefur í hyggju að láta rita og gefa út ævisögu Jóns Vídalín Skálholtsbiskups í tilefni af því að um þessar mundir eru 350 ár frá fæðingu hans (2016), 300 ár frá fyrstu útgáfu Húspostillunnar (2018) og 300 ára ártíðar hans (2020). Kirkjuráð tók vel í erindið og mun afgreiða umsóknina við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2017. Að lokum voru teknir fyrir ársreikningar Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015. Kirkjuráð undirritaði ársreikning Jöfnunarsjóðs sókna 2015 en samþykkti svohljóðandi bókun vegna ársreiknings kirkjumálasjóðs: Reikningar kirkjumálasjóðs, frekari upplýsingar frá 251. kirkjuráðsfundi, liður 2 a iii. Kirkjuráð samþykkti að óska eftir frekari upplýsingum, tölulegum upplýsingum um reikninga og viðfangsefni kirkjumálasjóðs, sem kynntir voru á 251. kirkjuráðsfundi.

Á (2)54. fundi var lögð fram og kynnt fundargerð fjármálahóps. Þá voru lögð fram og kynnt drög að hálfársuppgjóri biskupsstofu og kirkjumálasjóðs. Næst voru lögð fram drög að bréfi til ríkisvaldsins varðandi efnidir á kirkjujarðasamkomulaginu og samþykkt að forseti kirkjuráðs undirriti bréfið fyrir hönd kirkjuráðs og sendi það forsætis-, fjármála og efnahags- og innanríkisráðuneyti. Þá kynnti kirkjuráð þann vilja sinn að unnið veði að



sameiningu sókna með því m.a. að kanna möguleika þess að jöfnunarsjóður komi með auknum hætti að sameiningu sóknanna með fjárhagslegum stuðningi. Að lokum var lagt fram erindi frá formanni stjórnar Guðbrandsstofnunar, Solveigu Láru Guðmundsdóttur vígslubiskupi, varðandi styrkveitingu og samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar kirkjumálasjóðs fyrir árið 2017.

Á (2)56. fundi var lögð fram fundargerð fjármálahóps. Tekinn var fyrir 3. liður, Jöfnunarsjóður, umsóknir. Gerð var ein breyting á tillögu fjármálahóps, framlag verði hækkað um 1.m.kr. Erindi kjaramálafultrúa PÍ varðandi stofnun starfshóps til að fara yfir embættiskostnaði presta og rekstrarform prestsembættis. Kirkjuráð ályktaði að láta athuga með stofnun lögaðila í formi samlags til að geta nýtt hagkvæmni stærðarinnar við innkaup sem prestum og sóknum yrði boðið að taka þátt í. Þá var tekið fyrir bréf til ríkisvaldsins varðandi efndir á kirkjujarðasamkomulaginu og samkomulag um leiðréttingu á sóknargjöldum. Samþykkt var að leggja til við kirkjuþing að kröfugerð um efndir yrði ítrekuð við ráðherrana og jafnframt verði hafinn undirbúningur að viðbrögðum þjóðkirkjunnar ef árangur verði ekki af henni. Að lokum voru lagðir fram fram ársreikningar þjóðkirkjunnar og kirkjumálasjóðs 2015, reikningur þjóðkirkjunnar var kynntur og reikningur kirkjumálasjóðs samþykktur og áritaður.

### **Önnur verkefni en þau er varða fjármál og fasteignir**

Um önnur mál en þau er varða fjármál eða fasteignir verður aðeins fjallað hér þegar um er að ræða ákvarðanir ráðsins eða skuldbindandi samþykktir. Á þessu er þó gerð sú undantekning að óhjákvæmilegt er að taka til umfjöllunar þær deilur sem staðið hafa innan kirkjuráðs um valdmörk milli þess og biskupsembættisins og hvernig þær voru leystar með skipan þriggja manna nefndar lögfræðinga til að semja álitserð um álitaefnið. Með bréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 voru Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómari og Trausti Fannar Valsson dósent við lagadeild Háskóla Íslands fengnir til að greina, skýra og gefa álit á ábyrgð biskups Íslands annars vegar og kirkjuráðs hins vegar þannig að glögglega mætti greina á milli ábyrgðar, vald- og verksviðs hvors aðila um sig. Nefndin skilaði álitserð sinni 12. febrúar sl.

Á (2)45. fundi er bókað í kjölfar upplýsingafundar um álitserðina að kirkjuráð muni fjalla um hana á næsta kirkjuráðsfundi sem hafi verið ákveðinn 2. mars nk. Kirkjuráð þakkar lögfræðingunum þremur, Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, Pétri Kr. Hafstein fyrrum hæstaréttardómara og Trausta Fannari Valssyni dósent við lagadeild Háskóla Íslands góð störf.

Á (2)46. fundi er bókað að kirkjuráð samþykki að fela framkvæmdastjóra að senda kirkjuþingsfulltrúum álitserðina og birta hana á vef kirkjunnar.

Á (2)48. fundi er álitserðin enn til umfjöllunar og þar er bókað um breytingar á starfsmannamálum í kjölfar álitserðarinnar. Að lokum er álitserðin síðan til umfjöllunar á (2)54. fundi og þar samþykkt að framkvæmdastjóri kirkjuráðs vinni að samantekt úr álitserðinni sem lögð verði fyrir næsta fund kirkjuráðs.

## Önnur mál

Á (2)41. fundi er vitnað til ályktunar kirkjuþings og skipað í starfshópa kirkjuráðs. Þá er vísað í ályktun kirkjuþings og skipað í þriggja manna starfshóp í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu. Þá var bókað að lögð hafi verið fram sáttatillaga úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar í fimm liðum til málsaðila í máli nr. 1/2015. Kirkjuráð samþykkti fjóra fyrstu liði sáttatillögunnar. Þá er ákveðið að áfrýja máli númer E-69/2014 í héraðsdómi Vesturlands, til Hæstaréttar. Að lokum er lagt fram bréf frá Einari Karli Haraldssyni f.h. undirbúningshóps frá 6. desember sl. vegna samráðs- og vinnufundar Alkirkjuráðsins og þátttöku í Arctic Circle ráðstefnunni 2016. Kirkjuráð samþykkti að veita 2,5 m.kr. í verkefnið úr kirkjumálasjóði vegna ársins 2016.

Á (2)46 fundi er bókað að kirkjuráð samþykki að stofnaður verði verndarsjóður Skálholtsdómkirkju. Formaður stjórnar Skálholtsstaðar kynnti drög að skipulagsskrá fyrir stofnun verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju. Á sama fundi samþykkti kirkjuráð að veita 2 m.kr. úr kirkjumálasjóði til viðræðunefndar kirkjunnar vegna fjársamskipta ríkis og kirkju, til sérfræðiaðstoðar. Þá var samþykkt að veita allt að 2 m.kr. úr kirkjumálasjóði til forsætisnefndar kirkjuþings til að undirbúa tillögur að starfsreglum um biskupsstofu.

Á (2)47 fundi var bókað að niðurstaða úrskurðarnefndar í máli nr. 1/2015 hefði verið kynnt á 246. kirkjuráðsfundi. Kirkjuráð samþykkti að áfrýja úrskurðinum til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Kirkjuráð samþykkti að fela Gesti Jónssyni hrl. að fara með málið fyrir áfrýjunarnefnd. Séra Gísli Gunnarsson óskaði að bókað yrði að hann greiddi atkvæði gegn samþykktinni og vísar til hjásetu sinnar í fundargerð frá 9. júní 2015 lið 3. f) i. Einnig mótmælti hann því með tölvupósti dags. 22. okt. 2015 að ráðinn yrði lögmaður (hrl.) til þess að fara með málið fyrir hönd kirkjuráðs. Svana Helen Björnsdóttir óskaði að bókað yrði að hún sat hjá við afgreiðslu málsins.

Á (2)50. fundi er lagt fram erindi formanns löggjafarnefndar til forseta kirkjuþings dagsett 7. maí sl. Um er að ræða beiðni til kirkjuráðs um fjárveitingu að fjárhæð 4 m.kr. til löggjafarnefndar vegna vinnu við gerð tillagna að starfsreglum um biskupskjör, tillagna að starfsreglum um biskupsstofu og tillagna að starfsreglum um kirkjuráð, ásamt að vinna áfram tillögur til nýrra þjóðkirkjulaga.

Kirkjuráð samþykkti að veita löggjafarnefnd 2 m.kr. úr kirkjumálasjóði til viðbótar þeim 2 m.kr. sem þegar hafði verið úthlutað til forsætisnefndar vegna ofangreindrar vinnu. Kirkjuráð mun endurskoða þá úthlutun til hækkunar í ágúst verði þörf á því.

Á (2)53. fundi er lagt fram erindi frá ábúendum Skálholtsjarðarinnar, dagsett 12. ágúst sl. Í samræmi við álit vígslubiskups og stjórnar Skálholtsstaðar samþykkti kirkjuráð að veita ábúendum Skálholtsjarðarinnar heimild til að veðsetja Skálholtsjörðina til kaupa á allt að 74 þúsund lítra viðbótar mjólkurkvóta.

Á (2)56. fundi var lagt fram erindi skólaráðs Skálholtsskóla varðandi auglýsingu rektorsstöðu og ályktaði kirkjuráð að ekki væri tímabært að svo stöddu að auglýsa stöðuna.

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að greina frá öllu þeim málum sem tekin voru á dagskrá kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu og afgreidd voru með ákvörðun eða skuldbindandi samþykkt. Um heimild er vitnað til fundargerða kirkjuráðs eins og þær eru birtar á vefsíðu kirkjuráðs.

Reykjavík í nóvember 2016

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Elínborg Gísladóttir

Stefán Magnússon

Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

*Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.*

Allsherjarnefnd 2016 hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn með henni ásamt ávörpum og ræðum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar ávarp Magnúsar E. Kristjánssonar, forseta kirkjuþings og þá hvatningu sem kom fram í orðum hans og tekur undir með honum þar sem kallað er á opna kirkju á nýjum og breyttum tímum. Nefndin tekur undir að „okkar hlutverk er að setja kirkjustarfinu ramma sem stuðlar að góðu og öflugu starfi hjá sóknum kirkjunnar um allt land. Þar fer hið mikilvæga starf fram. Okkar er að hlúa að því og hlusta á fólkið sem þar sinnir safnaðarstarfi“.

Í setningarræðu biskups, Agnesar M. Sigurðardóttur kom eftirfarandi fram:

„Þjóðkirkjan er kirkja sem hefur þétttriðið net út um allt land og þjónar fólki í nærsamfélaginu. Boðar ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Það er kirkja sem er samhljóma þó raddirnar séu margar“. Í ávarpi sínu ræddi hún einnig um siðbótarafmælið og einingu kristinna manna þar sem kirkjudeildirnar hafi einingu að leiðarljósi en ekki það sem skilur að.

Allsherjarnefnd þakkar skýrslu kirkjuráðs. Í henni eru tíundaðar niðurstöður helstu mála ráðsins og er það vel. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 39.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing 2016 ályktar um mikilvægi kirkjuþings unga fólksins.

Mikilvægt er að lögð sé áhersla á faglega vinnu varðandi þróun siðareglna þjóðkirkjunnar og menntun starfsfólks verði eflað hvað varðar umgengni við fólk í viðkvæmum aðstæðum. Brýnt er að efla vitund starfsfólks, launaðs og ólaunaðs um ábyrgð sína í samskiptum við börn og unglinga sbr. ályktun kirkjuþings unga fólksins.

Við tökum undir ályktun kirkjuþings unga fólksins um málsvara barna- og æskulýðsstarfs þjóðkirkjunnar. Allsherjarnefnd tekur einnig undir með þeim að kirkjan standi vörð um æskulýðsstarf í söfnuðum.

Kirkjuþing 2016 tekur undir umfjöllun kirkjuþings unga fólksins um umhverfismál og fagnar þeirri stefnu að gera kirkjuþing pappírslaust.

Kirkjuþing 2016 leggur áherslu á mikilvægi tilvistar kirkjuþings unga fólksins og hvetur það til að starfa áfram.

Kirkjuþing 2016 ályktar mikilvægi þess að bæta skuli stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar og áréttar ályktun kirkjuþings 2015 sama efnis.

Kirkjuþing 2016 ályktar mikilvægi þess að kirkjuráð vinni vel saman að heill og hag þjóðkirkjunnar.

## Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

### Fjárlög næsta árs og samanburður

Í skýrslu þessari er hefðbundið að fjalla fyrst um tekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til komandi fjárlaga og bera saman við gildandi fjárlög. Nú er hins vegar svo sem kunnugt er uppi sú óvenjulega staða að frumvarp til fjárlaga næsta árs hefur ekki verið lagt fram. Þetta veldur auðvitað ákveðinni óvissu en eftir sem áður er ljóst hverjar grunnforsendur þær eru sem hefðbundið er að ganga út frá varðandi framreikning á gildandi fjárlagaramma. Þar er miðað við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Hún gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs muni hækka milli árána 2016 og 2017 um 3,9%. Það er því sú grunnfrenda sem miðað er við varðandi verðlagsbreytingar fjárlaganna milli ára á öllum rekstrartölum nema launum. Launavísitalan mælir þær breytingar en nú háttar svo til að kjarasamningar og úrskurðir Kjararáðs eru að baki með umtalsverðum launabreytingum og ekki gert ráð fyrir neinum launabreytingum á næsta ári.

Taflan á næstu bls. sýnir væntanlegt fjárlagafrumvarp 2017 í samanburði við gildandi fjárlagaramma og ramma síðasta árs. Hér er sú breyting á hefðbundinni töflu í þessari skýrslu að á síðasta ári var bætt við fjárlagarammann framlagi með fjáraulögum, alls 370 m.kr. og rétt þykir að sýna endanlegan fjárlagaramma þess árs að teknu tilliti til þessa ásamt því að sýna þá fjárhæð sem enn þarf að koma til leiðréttingar svo staðið sé að fullu við kirkjujarðasamkomulagið. Þá er í töflunni sýndur rammi gildandi fjárlaga að teknu tilliti til sams konar breytinga sem gerð hefur verið krafa um að gerðar verði á þessu ári til leiðréttingar enda um sammingsbundnar greiðslur að ræða vegna eignasölu kirkjunnar til ríkisins. Áætlunin um sóknargjöldin byggir á að staðið verði við samkomulagið um 165 m.kr. árlega hækkun á þeim á árunum 2015 - 2018. og þau síðan verðbætt.

Lykilstærðir í töflunni eru eftirfarandi: Fjárveitingar fjárlaga 2015 til þjóðkirkjunnar voru 1.507,6 m.kr. Við þær bættust með fjáraulögum 370 m.kr. og með millifærðum launabótum 64,7 m.kr. Heildarfjárveitingarnar voru því 1.942,3 m.kr. Til að uppfylla kirkjujarðasamkomulagið að fullu vantar enn 60,4 m.kr. Þá vantar 45,7 m.kr. í kristnisjóð og skýrist sú fjárhæð einkum af því að 370 m.kr. aukafjárveitingin var öll sett á biskupsembættið en hefði að hluta til átt að renna til kristnisjóðs. Samtals á því eftir að leiðrétta fjárveitingar síðasta árs um 106,1 m.kr. Sömu leiðréttingartölur fyrir yfirstandandi ár eru 444,1 m.kr. 394,6 m.kr. vantar til biskupsembættisins og 49,5 m.kr. vantar í kristnisjóð. Samkvæmt reiknilíkani því sem notað er til að ákvarða fjárveitingar samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu eiga fjárveitingar næsta árs til biskupsembættisins að vera 2.250,5 m.kr. og fjárveitingar kristnisjóðs eiga að vera 129,5 m.kr. Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga eru á gildandi fjárlögum 2.453,8 m.kr. Sé sú fjárhæð leiðrétt samkvæmt samkomulaginu og síðan framreiknuð með þjóðhagspá Hagstofunnar skal hún á næsta ári (árið 2017) vera 2.689 m.kr. Ef gjaldendur sóknargjalda eru 225.507

eins og reiknað er með er sóknargjald hvers einstaklings 994 kr. Reiknað sóknargjald var 925 kr. árið 2009. Það ár var meðaltekjuskattstofn 3.295.489 kr. Hann er í ár 4.206.421 kr. og ef þjóðhagsspá Hagstofunnar um hækkun launavísitölu um 6,3% til næsta árs gengur eftir verður hann 4.739.581 kr. Þá verður innheimt sóknargjald á næsta ári 15.964 kr. sem gerir 1.330 kr. pr. gjaldanda pr. mánuð. Sá gjaldendafjöldi sem hér er reiknað með mun því greiða 3,6 milljarða króna í sóknargjöld og þá er sömuleiðis ljóst að enn renna 911 m.kr. af þeim í ríkissjóð þrátt fyrir leiðréttingar síðustu tveggja ára og vænta leiðréttingu næsta árs.

Fjarveiting					2015	2016			2016	2017		2017
					Sam				Sam			Sam
					tals				tals			tals
					2015	2016			2016	2017		2017
					2015	2016			2016	2017		2017
					2015	2016			2016	2017		2017
Row Labels	Fjártöl	Fjár aukafög	Launa bætur	leið rétt	2015 sam tals	Fjártöl	leið rétt	2016 sam tals	Frum varp	leið rétt	2017 sam tals	
<b>06 - 701 - Þjóðkirkjan</b>												
701 - 101 - Biskup Íslands	1.486,6	370,0	64,7	60,4	1.981,7	1.660,6	394,6	2.055,2	2.250,5		2.250,5	
701 - 621 - Skálholtsstaður	4,0				4,0	4,0		4,0	4,0		4,0	
701 - 622 - Hallgrímskirkja	8,0				8,0	8,0		8,0	8,0		8,0	
701 - 623 - Hóladómkirkja	4,3				4,3	4,3		4,3	4,3		4,3	
701 - 625 - Dómkirkjan í Reykjavík	4,7				4,7	4,7		4,7	4,7		4,7	
<b>06 - 701 - Þjóðkirkjan Total</b>	<b>1.507,6</b>	<b>370,0</b>	<b>64,7</b>	<b>60,4</b>	<b>2.002,7</b>	<b>1.681,6</b>	<b>394,6</b>	<b>2.076,2</b>	<b>2.271,5</b>		<b>2.271,5</b>	
<b>06 - 705 - Kirkjumálasjóður</b>												
705 - 110 - Kirkjumálasjóður	273,2	-3,3			269,9	298,0		298,0	309,6	13,4	323,0	
<b>06 - 705 - Kirkjumálasjóður Total</b>	<b>273,2</b>	<b>-3,3</b>			<b>269,9</b>	<b>298,0</b>		<b>298,0</b>	<b>309,6</b>	<b>13,4</b>	<b>323,0</b>	
<b>06 - 707 - Kristnisjóður</b>												
707 - 110 - Kristnisjóður	72,0			45,7	117,7	71,4	49,5	120,9	129,5		129,5	
<b>06 - 707 - Kristnisjóður Total</b>	<b>72,0</b>			<b>45,7</b>	<b>117,7</b>	<b>71,4</b>	<b>49,5</b>	<b>120,9</b>	<b>129,5</b>		<b>129,5</b>	
<b>06 - 735 - Sóknargjöld</b>												
735 - 110 - Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar	1.910,7	-23,3			1.887,4	2.083,6		2.083,6	2.168,5	94,0	2.262,5	
735 - 120 - Sóknargjöld til annarra trúfélaga	324,1	11,2			335,3	370,2		370,2	386,2	40,3	426,5	
<b>06 - 735 - Sóknargjöld Total</b>	<b>2.234,8</b>	<b>-12,1</b>			<b>2.222,7</b>	<b>2.453,8</b>		<b>2.453,8</b>	<b>2.554,7</b>	<b>134,3</b>	<b>2.689,0</b>	
<b>06 - 736 - Jöfnunarsjóður sókna</b>												
736 - 110 - Jöfnunarsjóður sókna	353,5	-4,3			349,2	385,5		385,5	401,2	17,3	418,5	
<b>06 - 736 - Jöfnunarsjóður sókna Total</b>	<b>353,5</b>	<b>-4,3</b>			<b>349,2</b>	<b>385,5</b>		<b>385,5</b>	<b>401,2</b>	<b>17,3</b>	<b>418,5</b>	
<b>Grand Total</b>	<b>4.441,1</b>	<b>350,3</b>	<b>64,7</b>	<b>106,1</b>	<b>4.962,2</b>	<b>4.890,3</b>	<b>444,1</b>	<b>5.334,4</b>	<b>5.666,5</b>	<b>165,0</b>	<b>5.831,5</b>	

## Afkoma síðasta árs

### 06-701 Þjóðkirkjan

Afkoma fjárlagaliðar 06-701 Þjóðkirkjan var jákvæð um 260,7 m.kr. Sértekjur voru 181,3 m.kr. framlag eða endurgjald ríkissjóðs var 1.942,3 m.kr. og gjöld voru 1.862,9 m.kr. Ársreikningurinn eins og hann birtist í endurskoðuðum ríkisreikningi er sýndur hér til hliðar.



## Ársreikningar A-hluta aðila í þús. kr.

06 701 Þjóðkirkjan

	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárhemildir ársins 2015		Reikningur 2015	Reikningur 2014
<b>Rekstrarreikningur</b>				<b>Efnahagsreikningur</b>		
<b>Tekjur</b>				<b>Eignir</b>		
Sæntekjur	181.274	153.640	221.100	<b>Veltufjármunir</b>		
Tekjur samtals	181.274	153.640	221.100	Inneign hjá ríkissjóði	83.525	-
<b>Gjöld</b>				<b>Veltufjármunir samtals</b>		
Almennur rekstur	1.841.869	1.633.824	2.142.400	Skammtímakröfur aðrar	2.607	881
101 Biskup Íslands	1.841.869	1.633.824	2.142.400	Handbært fé	158.022	6.595
Stofnkostnaður	21.000	27.000	21.000	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>244.153</b>	<b>7.476</b>
621 Skjalhótsstaður	4.000	10.000	4.000	<b>Eignir samtals</b>		
622 Hallgrímskirkja	8.000	8.000	8.000	244.153	7.476	
623 Hóladómkirkja	4.300	4.300	4.300	<b>Skuldir og eigið fé</b>		
625 Dómkirkjan í Reykjavík	4.700	4.700	4.700	<b>Eigið fé</b>		
Gjöld samtals	1.862.869	1.660.824	2.163.400	<b>Höfuðstól</b>		
Tekjur umfram gjöld	-1.681.594	-1.507.185	-1.942.300	Staða í ársbyrjun	-42.048	-16.764
Framlag úr ríkissjóði	1.942.300	1.481.900	1.942.300	Hagnaður/tap ársins	260.706	-25.285
Hagnaður/tap ársins	260.706	-25.285	-	<b>Höfuðstól í árslok</b>	<b>218.657</b>	<b>-42.048</b>
<b>Sjóðstreymi</b>				<b>Eigið fé í árslok</b>		
Hagnaður/tap ársins	260.706	-25.285		218.657	-42.048	
<b>Breyting rekstrarlengdra eigna og skulda</b>				<b>Skammtímaskuldir</b>		
Breyting skammtímakrafna og birgða	-1.725	27.899		<b>Skuld við ríkissjóð</b>		
Breyting skammtímaskulda	-18.748	1.376		Aðrar skammtímaskuldir	25.496	44.244
Handbært fé frá rekstri	240.233	3.990		<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>25.496</b>	<b>49.524</b>
<b>Fjármögnunarfreytingar</b>				<b>Skuldir samtals</b>		
Framlag ríkissjóðs	-1.942.300	-1.481.900		25.496	49.524	
Greitt úr ríkissjóði	1.853.494	1.480.072		<b>Skuldir og eigið fé</b>		
<b>Fjármögnunarfreytingar samtals</b>	<b>-88.806</b>	<b>-1.828</b>		244.153	7.476	
Handbært fé í ársbyrjun	6.595	4.433				
Handbært fé, hreyfingar	151.427	2.162				
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>158.022</b>	<b>6.595</b>				

### 06-705 Kirkjumálasjóður

Endurskoðaður ársreikningur kirkjumálasjóðs barst fyrir skömmu og var hann tekinn fyrir á síðasta fundi kirkjuráðs. Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur 513,6 m.kr. Gjöld voru 518,1 m.kr. og því tekjuhalli fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 4,5 m.kr. Fjármagnsgjöld að frádrægnum fjármunatekjum voru 20,2 m.kr. og tekjuhalli ársins því 24,6 m.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir 3.508,2 m.kr. Varanlegir rekstrarfjármunir voru 3.236,9 m.kr., áhættufjármunir og langtímakröfur voru 46,9 m.kr. og veltufjármunir voru 224,3 m.kr. sem skiptist þannig að skammtímakröfur voru 103,4 m.kr. krafa á ríkissjóð var 22,5 m.kr. og handbært fé var 98,4 m.kr. Skuldir voru alls 328,9 m.kr. sem skiptust þannig að langtímaskuldir voru 287,5 m.kr. skammtímaskuldir voru 33,3 m.kr. og næsta árs afborganir langtímalána voru 8 m.kr. Eigið fé í ársbyrjun var 5.741,7 m.kr. Að teknu tilliti til rekstrarhalla ársins og endurmats eigna er eigið fé í árslok 3.179,3 m.kr.



## Rekstrarreikningur ársins 2015

Tekjur	Skýr.	2015	2014
Tekjur reiknaðar af sóknargjöldum.....	1	269.878.432	246.422.588
Fengin framlög.....	2	132.712.115	143.440.000
Leigutekjur.....	3	68.394.650	74.551.919
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegu húsnæði.....	4	26.079.280	21.505.000
Sala fasteigna, söluhagnaður.....	6	0	6.094.000
Aðrar tekjur.....	5	16.528.079	14.407.507
		<u>513.592.556</u>	<u>506.421.014</u>
<b>Gjöld</b>			
Stjórn og starfsskipan.....	7	230.920.915	341.103.373
Fræðslu- og þjónustumálefni.....	8	84.075.634	88.148.521
Húsnæði og aðstaða.....	9	190.656.883	191.407.358
Sala fasteigna, sölutap.....	6	12.416.000	0
		<u>518.069.432</u>	<u>620.659.252</u>
Tekjuhalli fyrir fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld)		( 4.476.876)	( 114.238.238)
Fjármunatekjur/(fjármagnsgjöld).....	10	( 20.155.828)	( 11.765.132)
<b>Tekjuhalli ársins</b>		<u>( 24.632.704)</u>	<u>( 126.003.370)</u>

### Kristnisjóður og Jöfnunarsjóður sókna

Í skýringu 2 með ársreikningi kirkjumálasjóðs kemur fram að framlög til sjóðsins hafi numið 132,7 m.kr. á árinu 2015. Þar beri hæst framlög úr kristnisjóði og Jöfnunarsjóði sókna. Í ársbyrjun 2006 hafi verið ákveðið að færa verkefni kristnisjóðs yfir á kirkjumálasjóð og því færast framlagstekjur kristnisjóðs óskiptar til kirkjumálasjóðs. Framlög frá Jöfnunarsjóði sókna séu tvíþætt, annars vegar séu 15% af tekjum hans færðar yfir á kirkjumálasjóð til styrktar kirkjulegri félags- og menningarstarfsemi og hins vegar önnur framlög. Þessar ráðstafanir hafi verið gerðar til einföldunar stjórnsýslu. Í ríkisreikningi er staða sjóðanna birt en þar er rekstrarafkoma þeirra jafnan núll og ef tekjuafgangur verður á þeim er hann færður í ríkissjóð með lokafárlögum. Sjóðirnir hafa ekki efnahag, eiga engar eignir og skulda ekkert.

### Samantekt

Svo sem fram kemur af ofangreindri umfjöllun má draga saman afkomu þess sem nefna má samstæðu þjóðkirkjunnar, þ.e. rekstrarreiknings biskupsstofu, kirkjumálsjóðs, kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna og er hún jákvæð sem nemur kr. 236.073.296.

## Rekstraráætlanir ársins 2017

### Biskupsstofa

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi að fullu við kirkjujarðasamkomulagið enda um sammingsbundið framlag að ræða. Framlag, eða endurgjald, ríkissjóðs verður þá skv. reiknilíkani því sem notað er til að reikna það út 2.250,5 m.kr. Það skiptist þannig að til greiðslu launakostnaðar eru 1.981,3 m.kr. og til greiðslu annars rekstrarkostnaðar eru 269,2 m.kr. Fyrstu drög að áætluninni gera ráð fyrir að jöfnuður verði í rekstrinum miðað við þessar tekjuforsendur, tekjuafgangur verði 9 m.kr. sem er 0,4% af tekjum.

### Kirkjumálasjóður

Í drögum að áætlun kirkjumálasjóðs er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 309,6 m.kr. en það er framreiknað framlag gildandi fjárlaga. Rekstrinum er skipt í almenna starfsemi sjóðsins og starfsemi fasteignasviðs. Rekstrargjöld vegna almennrar starfsemi sjóðsins eru áætluð 224,4 m.kr. og eru þau alfarið fjármögnuð af framlagi ríkissjóðs. Rekstrargjöld fasteignasviðsins eru áætluð 155,4 m.kr. Af framlagi ríkissjóðs renna því 85,3 m.kr. til fasteignasviðsins en 70,2 m.kr. eru fjármagnaðar af sértekjum, þ.e. leigutekjum. Samkvæmt þessu er því gert ráð fyrir jöfnuði í rekstri sjóðsins en sá jöfnuður fæst með því að rekstrarkostnaður fasteigna sjóðsins er framreiknaður með áætlun Hagstofunnar um 3,9% verðlagsbreytingar milli ára og mismunurinn er færður á viðhalds- og stofnkostnaðarliðinn.

<b>Kirkjumálasjóður</b>	<b>Ársáætlun 2017 (drög I)</b>
<b>Almenn starfsemi</b>	
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs	-309.622.000
Flutt á fasteignasvið	85.255.153
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-224.366.847</b>
<b>Gjöld</b>	
Kirkjubing	33.235.292
Kirkjuráð	22.024.648
Kirkjumálasjóður – framlög	40.044.816
Kirkjumálasjóður – nefndir	26.465.064
Kirkjumálasjóður – laun og lífeyrisskuldbindingar	35.739.999
Fjölskyldubjónusta kirkjunnar	27.430.699
Prestastefna, leikmannastefna	15.900.000
Fjármunatekjur – fjármagnsgjöld	23.526.329
<b>Gjöld samtals</b>	<b>224.366.847</b>
<b>Almenn starfsemi samtals</b>	<b>0</b>

<b>Starfsemi fasteignasviðs</b>	
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs	-85.255.153
Sértekjur (leigutekjur)	-70.164.524
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-155.419.677</b>
<b>Gjöld</b>	
Rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs	65.811.322
Fasteignir kirkjumálasjóðs, viðh.- og stofnkostn.	89.608.355
<b>Gjöld samtals</b>	<b>155.419.677</b>
<b>Starfsemi fasteignasviðs samtals</b>	<b>0</b>
<b>Samtals kirkjumálasjóður</b>	<b>0</b>

### Kristnisjóður

Í drögum að rekstraráætlun kristnisjóðs er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 74,2 m.kr. og er það eins og í tilviki kirkjumálasjóðs framreiknað framlag gildandi fjárlaga. Þá er gerð tillaga um ráðstöfun á 59,4 m.kr. af tekjum sjóðsins til reksturs og styrkja. Því er í þessum fyrstu drögum að ársáætlun óráðstafað af tekjum sjóðsins 14,8 m.kr.

<b>Kristnisjóður</b>	<b>Ársáætlun 2017 (drög I)</b>
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs	-74.186.600
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-74.186.600</b>
<b>Gjöld</b>	
Fræðsla, fræðslumál – styrkir	31.232.471
Kærleikspj., hjálparstarf og boðun – styrkir	19.197.000
Samkirkjumál	6.000.000
Menningarmál – styrkir	1.500.000
Prests- og djáknaþjónusta – styrkir	1.000.000
Helgihald og kirkjutónlist – styrkir	450.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>59.379.471</b>
<b>Óráðstafað</b>	<b>14.805.129</b>
<b>Samtals kristnisjóður</b>	<b>0</b>

### Jöfnunarsjóður sókna

Áætlunin er birt hér að neðan. Gert er ráð fyrir að tekjur verði 401,2 m.kr. Hið sama er að segja og um kirkjumálasjóð og kristnisjóð að um er að ræða framreiknað framlag gildandi fjárlaga. Sjóðurinn er rekinn á tveimur viðföngum, þ.e. 06-736-10100 Rekstur, almennur og 10200 – Ábyrgðadeild. Engar ábyrgðir eru veittar á næsta ári skv. áætluninni. Styrkveitingunum er skipt eftir prófastsdæmum en auk þess eru styrkveitingar til höfuðkirknanna, til kirkjumiðstöðva, Skógarmanna KFUM og til safnaða erlendis. Gerð hefur verið tillaga um ráðstöfun á 296,3 m.kr. af áætluðum tekjum sjóðsins og því eru enn til ráðstöfunar 104,9 m.kr. Endanleg úthlutun styrkja úr sjóðnum verður ákveðin í desember.

Jöfnunarsjóður sókna	Ársáætlun 2017 (drög I)
<b>Tekjur</b>	
Framlag ríkissjóðs	-401.200.000
<b>Tekjur samtals</b>	<b>-401.200.000</b>
<b>Gjöld</b>	
Höfuðkirkjur	47.000.000
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra	34.000.000
Reykjavíkurprófastsdæmi vestra	27.500.000
Kjalarnesprófastsdæmi	44.800.000
Vesturlandsprófastsdæmi	26.000.000
Vestfjarðaprófastsdæmi	18.900.000
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	20.750.000
Austurlandsprófastsdæmi	27.150.000
Suðurprófastsdæmi	14.300.000
Aðrir styrkir	19.000.000
<b>Gjöld samtals</b>	<b>296.300.000</b>
Óráðstafað	-104.900.000
<b>Samtals Jöfnunarsjóður sókna</b>	<b>0</b>

### *Nefndarálit fjárhagsnefndar*

Fjárhagsnefnd kirkjubings hefur farið yfir ársreikninga kirkjumálasjóðs og þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2015 frá Fjársýslu ríkisins og leggur til að þeir verði samþykktir. Þá leggur fjárhagsnefnd til að ársreikningar Jöfnunarsjóðs sókna og kristnisjóðs fyrir árið 2015 verði einnig bornir upp til samþykktar.

Fjárhagsnefndin hefur kynnt sér fjárhagsáætlanir kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og kristnisjóðs fyrir árið 2017 en fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 06-701 liggur enn ekki fyrir.

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar, Ingi K. Magnússon, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs og Þorbjörg Guðnadóttir, deildarstjóri, komu á fund nefndarinnar og kynntu helstu niðurstöður vegna endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2015.

Fjárhagsnefndin tekur undir með Ríkisendurskoðun að leitað verði leiða til að endurgreiða Jöfnunarsjóði og kirkjumálasjóði framlög til reksturs þjóðkirkjunnar 06-701 á árunum 2009 til 2015.

Fjárhagsnefndin tekur undir ábendingu Ríkisendurskoðunar um mikilvægi þess að að ljóst sé hver beri ábyrgð á ársreikningi Tónskóla þjóðkirkjunnar, rekstrinum í heild sinni og því verkefni að fylgja eftir rekstraráætlun.

Varðandi aðrar ábendingar Ríkisendurskoðunar þá liggur það fyrir að þær eru þegar í vinnslu.

Fjárhagsnefndin lýsir ánægju sinni með að vinna við gerð verklagsreglna og verkferla sé nú hafin á biskupsstofu.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

*Þingsályktun:*

Kirkjuþing 2016 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar 06-701, kirkjumálasjóðs, Jöfnunar-  
sjóðs sókna og kristnisjóðs fyrir árið 2015.

3. mál kirkjuþings 2016  
Skýrslur nefnda

**Verkefni Þjóðmálanefndar 2016**

Þær breytingar urðu á Þjóðmálanefnd á árinu að sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður nefndarinnar, lét af störfum vegna búferlaflutninga og sr. Guðný Hallgrímsdóttir af persónulegum ástæðum. Sæti þeirra í nefndinni tóku varamennirnir sr. Magnús Erlingsson og Aðalbjörg Helgadóttir. Þá var samþykkt að Óskar Magnússon tæki við formennsku og forseta kirkjuþings tilkynnt um hina breyttu skipan með tillögu um að forsætisnefnd leggi til að kirkjuþing staðfesti hana. Auk framangreindra sitja í nefndinni sr. Gunnlaugur Stefánsson og Ásbjörn Jónsson.

Nefndin hélt þrjá formlega fundi á árinu en auk þess áttu nefndarmenn ýmis óformleg samskipti og báru saman bækur sínar um greinaskrif og viðbrögð við þjóðmálaumræðu.

Nefndin ræddi á fundum sínum um áherslur og viðfangsefnið nefndarinnar næstu misseri. Nefndin telur að meginverkefni hennar sé að vera skjöldur kirkjunnar í umræðum um kirkjuna og málefni hennar, að vinna með erindi sem til nefndarinnar er vísað, bregðast við rangfærslum og ómaklegum áróðri gegn trú og kirkju auk þess að hafa frumkvæði að skoðun málefna og umræðu sem til heilla horfa fyrir þjóðkirkjuna.

Í kjölfar umræðna á vettvangi nefndarinnar hefur formaður átt samtöl við biskup og forseta kirkjuþings um aðkomu nefndarinnar að samskipta- og kynningarmálum kirkjunnar. Nefndin lýsir yfir við kirkjuþing, þeim vilja sínum til að gegna því hlutverki að koma þeim málum í traustan farveg og tryggja að öflug forysta verði um framgang þessara mikilvægu mála.

Rætt hefur verið um að Þjóðmálanefnd standi fyrir málþingi um þjóðkirkjuna, stöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu með áherslu á framlag kirkjunnar til menningar og sálgæslu.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu Þjóðmálanefndar með eftirfarandi

*þingsályktun:*

Kirkjuþing 2016 þakkar öflugt starf þjóðmálanefndar. Jafnframt er minnt á kynjajafnrétti í nefndum á vegum þjóðkirkjunnar.

Mikilvægt er að nefndin standi fyrir málþingum og umræðu um kirkju, kristna trú í samfélaginu og þjóðmálaumræðu með kristin gildi að leiðarljósi.

4. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af löggjafarnefnd

**Þingsályktun  
um frumvarp til þjóðkirkjulaga**

Kirkjuþing 2016 ályktar að fela forsætisnefnd að kynna frumvarp til þjóðkirkjulaga fyrir ráðherra kirkjumála. Að þeirri kynningu lokinni verði málinu vísað til löggjafarnefndar sem mun undirbúa málið til endanlegrar afgreiðslu á kirkjuþing 2017 ásamt þeim starfsreglum sem því þurfa að fylgja.



5. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af löggjafarnefnd

**Þingsályktun  
um grunnskipan þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2016 samþykkir að fela löggjafarnefnd kirkjuþings að semja tillögu að starfsreglum um grunnskipan þjóðkirkjunnar. Jafnframt er nefndinni falið að gera tillögur um með hvaða hætti breytingar yrðu gerðar á grunnskipaninni. Einnig er nefndinni falið að taka saman starfsreglur, eftir því sem við á, um þau efni sem brott falla úr lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 vegna frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga sem lagt er fram á kirkjuþingi 2016. Löggjafarnefnd skili tillögum að starfsreglum um grunnskipan þjóðkirkjunnar svo og almennum starfsreglum á vorþingi kirkjuþings 2016, en eigi síðar en á kirkjuþingi 2017.

6. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af Gísla Gunnarssyni

**Þingsályktun  
um endurskoðun starfsreglna um kjör til kirkjuþings**

Kirkjuþing 2016 ályktar að nefnd sú sem kosin var á kirkjuþingi árið 2014 til að endurskoða starfsreglur um kjör til kirkjuþings starfi áfram og taki til athugunar eftirfarandi ákvæði 5. mgr. 11. gr. tillögunnar sem hljóðar svo: Til að atkvæði teljist gilt skal fjöldi frambjóðenda sem merkt er við vera einum fleiri en nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi. Nefndin leggi málið að nýju fyrir kirkjuþing 2017.

7. mál kirkjuþings 2016

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Stefáni Magnússyni, Sigurði Árna Þórðarsyni, Geir Waage, Einari Karli Haraldssyni, Ragnheiði Magnúsdóttur, Marinó Bjarnasyni, Birgi Rafni Styrmissyni, Ólafi B. Valgeirssyni og Þórunni Júlíusdóttur

### **Þingsályktun um sóknasamband**

Kirkjuþing 2016 ályktar að málinu verði vísað til kirkjuráðs.

### **Tillaga til þingsályktunar um sóknasamband**

Kirkjuþing 2016 samþykkir að fela kirkjuráði að hefja undirbúning að stofnun sambands sókna í þjóðkirkjunni. Ráðinn verði starfsmaður í hlutastarf til að kynna hugmyndina fyrir sóknarnefndum og undirbúa stofnfund sem haldinn yrði að vorið 2017.

8. mál kirkjuþings 2016

Flutt af Gísla Jónassyni, Guðrúnu Karls Helgudóttur,  
Höllu Halldórsdóttur og Jónínu Bjartmarz

**Þingsályktun  
um átak til aukins samstarfs sókna**

Kirkjuþing 2016 samþykkir framkomna tillögu um átak til aukins samstarfs sókna.

**Tillaga til þingsályktunar um átak til aukins samstarfs sókna**

Kirkjuþing 2016 beinir því til biskups Íslands, biskupafundar og kirkjuráðs að á næstu árum verði unnið að sérstöku átaki til að hvetja sóknir þjóðkirkjunnar til að huga að auknu samstarfi og jafnvel sameiningum þar sem það þykir henta og þá jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Jafnframt er því beint til kirkjuráðs að Jöfnunarsjóður sókna styðji þetta átak með því að úthluta styrkjum til þeirra sókna sem vilja sameinast skv. sérstökum reglum sem settar yrðu þar um.

9. mál kirkjuþings 2016

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Leifi Ragnari Jónssyni, Sigurði Árna Þórðarsyni, Þorgrími Daníelssyni, Geir Waage, Ægi Erni Sveinssyni, Jónínu Bjartmarz og Birni Jónssyni

### Starfsreglur

#### um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016

1. gr.

1. mgr. 2. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. bætast við orðin „og ákvæði 7. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996.“  
5. liður 1. mgr. fellur brott og nýr 5. liður orðast svo: Að matsnefnd fjalli um umsóknir samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestsembættis.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. fellur brott.

4. gr.

11. mgr. 6. gr. breytist orðist svo:

Matsnefnd velur að jafnaði fjóra hæfustu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm.

13. mgr. 6. gr. fellur brott.

Ný 13. mgr. orðast svo: Að fenginni endanlegri niðurstöðu matsnefndarinnar sendir biskup kjörnefnd umsóknargögn sbr. 8. gr.

5. gr.

Síðari málslíður 3. mgr. 8. gr. fellur brott.

Síðari málslíður 7. mgr. 8. gr. fellur brott.

6. gr.

9. gr. breytist og orðist svo:

Að undangenginni auglýsingu og matsferli og kjöri skipar biskup þann umsækjanda í embætti sem meirihluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna samkvæmt 40. gr. laga nr. 78/1997.

7. gr.

1. málslíður 1. mgr. 13. gr. breytist og orðist svo:

Óski minnst fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestkosning fari fram er skylt að verða við því.

8. gr.

Ný 2. mgr. 20. gr. hljóðar svo:

Kosning er gild ef minnst fjórðungar atkvæðisbærra manna nýtir atkvæðisrétt sinn.

9. gr.

4. málsliður 1. mgr. 21. gr. hljóðar svo:

Ef enginn hlýtur bindandi kosningu getur biskup skipað í embættið úr hópi umsækjenda þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða auglýst embættið að nýju.

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi við birtingu.

10. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum  
um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016**

Sameinað 9. máli.



## **Starfsreglur um biskupsstofu**

### *Staða og grundvöllur í stjórnkerfi kirkjunnar*

#### 1. gr.

- Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands og er biskup forstöðumaður hennar.
- Biskupsstofa er jafnframt þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar sem veitir sóknum, sjóðum, stofnunum og starfseiningum hennar ýmsa þjónustu.
- Biskupsstofa annast almennt fyrirvar vegna þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar, samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir svo og erlend samskipti.
- Um starfsemi biskupsstofu fer eftir gildandi ákvæðum laga og starfsreglna á sviði kirkjumála og laga um starfsemi opinberra stofnana hverju sinni.

### *Stjórn, ábyrgð, staðsetning og þjónusta*

#### 2. gr.

- Biskup Íslands veitir biskupsstofu forstöðu og ber ábyrgð á því að starfað sé í samræmi við lög og reglur.
- Biskup stýrir rekstri og faglegri starfsemi biskupsstofu samsvarandi og forstöðumenn stofnana ríkisins sbr. lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996.

#### 3. gr.

- Biskup ber ábyrgð á framkvæmd verkefna biskupsstofu hvort sem hann getur framselt þau til vígslubiskupa eða undirmanna sinna til umsýslu eða þarf lögum samkvæmt að annast þau sjálfur.
- Biskup mótar stefnu stofnunarinnar, forgangsraðar verkefnum og setur stofnuninni skipurit.

#### 4. gr.

- Biskupsstofa er í Reykjavík geta kirkjuþing og kirkjuráð, þ.m.t. fasteignasvið, haft þar aðsetur og notið þar þeirrar þjónustu sem þörf á.
- Biskupsstofa veitir kirkjulegum stofnunum og sóknum þjónustu eftir nánara samkomulagi þar að lútandi. Gera skal skriflega samninga um þá þjónustu sem biskupsstofa veitir.

### *Helstu starfsþættir og starfssvið*

#### 5. gr.

- Biskupsstofa annast þau verkefni biskupsþjónustunnar sem eru á sviði helgihalds og kirkjutónlistar, fræðslumála, kærleiksþjónustu, þ.m.t. faglega forystu á sviði ráðgjafar í fjölskyldumálum, guðfræði- og þjóðmála, upplýsingamála og samkirkjutengsla.

6. gr.

- Biskupsstofa annast lögbundin verkefni er varða kirkjuna á sviði stjórnsýslu- og fjármála.
- Biskupsstofa gerir árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina sem skal hljóta staðfestingu kirkjuráðs og kynnt kirkjuþingi.
- Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald sjóða samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum svo og annarra sjóða þar sem svo er mælt fyrir um í skipulagsskrám eða öðrum heimildum.

7. gr.

- Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins.

*Starfsmannahald*

8. gr.

- Biskup skipar presta og annast biskupsstofa starfsmannamál þeirra, þar með talið launagreiðslur, greiðslur embættiskostnaðar og önnur starfsmannamál.
- Biskup ræður starfsmenn á biskupsstofu þar á meðal biskupsritara, skrifstofustjóra, forstöðumenn sviða, fulltrúa og aðra starfsmenn og setur þeim starfslýsingu.
- Biskupsstofa hefur umsýslu með námsleyfum presta og starfsmanna biskupsstofu.
- Biskupsstofa skipuleggur handleiðslu presta og djákna í samvinnu við Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

*Starfsþjálfun*

9. gr.

- Biskupsstofa skipuleggur og hefur umsýslu með starfsþjálfun guðfræðikandídata og djáknanema og hefur samstarf um það við Háskóla Íslands eða aðra viðurkennda háskóla eða guðfræðiskóla.

*Gildistaka*

10. gr.

- Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

12. mál kirkjupings 2016  
Flutt af löggjafarnefnd

### Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000

1. gr.

2. mgr. 3. gr. breytist og hljóðar svo:

Kirkjuráð getur haft aðsetur á biskupsstofu.

2. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ákveði kirkjuráð greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuping samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

3. gr.

Við 6. gr. bætast sex nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð skal sjá um að fjárstjórn sjóða og stofnana er undir ráðið heyra sé jafnan í réttu og góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna þeirra. Kirkjuráð getur ráðið sér starfsfólk til að sinna því eftirlitshlutverki sem því er ætlað að hafa.

Kirkjuráð skal leggja fyrir þingið til kynningar endurskoðaða ársreikninga sjóða og stofnana sem undir ráðið heyra fyrir síðasta fjárhagsár.

Enga greiðslu má inna af hendi úr þeim sjóðum sem undir kirkjuráð heyra án samþykkis þess.

Kirkjuráð getur ákveðið að semja við embætti biskups Íslands eða aðrar stofnanir þjóðkirkjunnar að annast afmörkuð verkefni sem kirkjuráði ber að sinna eða ráðið ákveður að stofna til. Hafi þau verkefni í för með sér fjárútlát, skal kirkjuráð tryggja, að nægt fé sé á hverjum tíma lagt af tekjum kirkjunnar, skv. 7. gr., til að standa straum af kostnaði við þau.

Undirritun meirihluta fulltrúa kirkjuráðs skuldbindur þá sjóði sem ráðið stýrir við meiriháttar samningsgerð eins og við sölu fasteigna.

Kirkjuráð veitir prókúruumboð vegna þeirra sjóða eða stofnana sem undir ráðið heyra.

4. gr.

Við 7. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3. og 4. mgr. orðast svo:

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár, innan lögmæltra marka, sem árlega rennur til kirkjunnar sem gagngreiðsla íslenska ríkisins á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár, innan lögmæltra marka, sem sem sjóðir eða stofnanir sem undir ráðið heyra afla með frjálsum framlögum, eða fjár sem rennur með öðrum hætti til þeirra frá opinberum aðilum, en tilgreint er í 2. og 3. mgr.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fasteignum kirkjumálasjóðs sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

5. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist við einn nýr staflíður d)

d) Fasteignasvið, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.

6. gr.

3. og 4. ml. 1. gr. 16. falla brott.

2. og 3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Fundi skal boða með dagskrá, bréflaga eða í tölvupósti, með viku fyrirvara að jafnaði. Jafnframt skulu erindi sem óskað er eftir að tekin séu fyrir í kirkjuráði hafa borist fyrir fundarboðun. Ef mál er sett á dagskrá með minna en viku fyrirvara skal leita afbrigða á settum kirkjuráðsfundi og það bókað ásamt niðurstöðu um afbrigðin.

Forseti ráðsins getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Einnig skal halda fund ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess. Ef aukafundur er boðaður með minna en viku fyrirvara skal leita afbrigða með sama hætti og áður er sagt og bókað með sama hætti.

7. gr.

17. gr. orðist svo

■ Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum með undirskrift fundarmanna. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. Fundargerð skal send kirkjuráðsmönnum að fundi loknum. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, eigi síðar en þrem dögum eftir fund.

Kirkjuráð getur ákveðið að halda lokaða fundargerðarbók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

8. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

**Starfsreglur**  
**um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000**

1. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar eftir markaðri stefnu laga og samþykktu kirkjuþings. Ráðið fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

□ Forseti kirkjuráðs ber ábyrgð á undirbúningi og skipulagningu funda kirkjuráðs, þ.m.t. gerð dagskrár í samráði við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs fer með fyrirvar ráðsins milli funda í samráði við forseta ráðsins. Kirkjuráðsmenn geta starfað að málefnum kirkjuráðs milli funda ef þeim hefur verið falið það af ráðinu eða um nefndarstörf sé að ræða á vegum ráðsins, sem viðkomandi hefur verið skipaður til. Ráðningarsamningar vegna starfsmanna kirkjuráðs, þ.m.t. launasetningar, breytingar á þeim og slit þeirra skulu ræddir og ákvarðanir um þá teknar á kirkjuráðsfundi. Veita má einstökum kirkjuráðsmönnum eða öðrum umboð til að fylgja eftir ákvörðunum kirkjuráðs hvað þetta varðar sem og varðandi önnur mál.

□ Kirkjuráð hefur aðsetur á biskupsstofu.

□ Kirkjuráð ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf sem skal kynnt á kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri framfylgir ákvörðunum ráðsins og hefur umsjón og eftirlit með störfum og verkefnum á vegum þess skv. nánari fyrirmælum ráðsins.

2. gr.

11. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð skipar eftirtaldar nefndir og stjórnir:

a) Stjórn Skálholts

b) Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993

c) Einn fulltrúa í stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju og einn sameiginlegan fulltrúa kirkjuráðs og biskups Íslands

d) Kirkjutónlistarráð, sbr. starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 817/2000

e) Löngumýrarnefnd, er stýrir starfi kirkjumíðstöðvarinnar á Löngumýri

f) Fagráð vegna kynferðisbrota, sbr. starfsreglur um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð skal skipa í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.

### 3. gr.

16. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð heldur fund mánaðarlega að jafnaði. Heimilt er að fella niður einn fund á tímabilinu júní-ágúst ár hvert. Forseti ráðsins getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Einnig skal halda fund ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess.

□ Heimilt er kirkjuráðsmönnum að taka þátt í kirkjuráðsfundi með fjarfundarbúnaði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

□ Fund skal boða með dagskrá, bréflega eða í tölvupósti, með viku fyrirvara að jafnaði. Jafnframt skulu erindi sem óskað er eftir að tekin séu fyrir í kirkjuráði hafa borist fyrir fundarboðun.

### 4. gr.

17. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■ Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum eða send kirkjuráðsmönnum eigi síðar en viku eftir fundinn til samþykktar. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. Hver kirkjuráðsmaður á rétt á að fá bókað um afstöðu sína eða annað sem tengist þeim dagskrárlið sem til umræðu er.

□ Fundargerð skal send kirkjubingsmönnum þegar eftir að hún liggur fyrir. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, nema lög mæli fyrir um annað.

### 5. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

14. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga**  
**til þingsályktunar um vinnureglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs**

Málið var dregið til baka.



15. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af löggjafarnefnd

**Starfsreglur**  
**um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr.**  
**1108/2011**

Málið reyndist gallað og var ekki birt í B-deild Stjórnartíðinda.

16. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af forsætisnefnd

**Þingsályktun  
um ráðningu starfsmanns kirkjuþings**

Kirkjuþing 2016 samþykkir framkomna tillögu um ráðningu starfsmanns kirkjuþings.

**Tillaga til þingsályktunar um ráðningu starfsmanns kirkjuþings**

Kirkjuþing 2016 ályktar að forsætisnefnd fái heimild til að ráða löglærðan starfsmann kirkjuþings í hlutastarf. Í starfið verður ráðið í tvö ár 2017 og 2018.

17. mál kirkjuþings 2016

Flutt af Sjöfn Jóhannesdóttur, Guðrúnu Karls Helgudóttur og Höllu Helgadóttur.

**Þingsályktun  
um skírnarfræðslu**

Kirkjuþing 2016 samþykkir framkomna tillögu um að kirkjuþing skipi þriggja manna starfshóp um skírnarfræðslu sem leggi fram markvissar tillögur um kynningu og fræðslu um gildi skírnarinnar.

Starfshópurinn skili niðurstöðum til kirkjuráðs fyrir kirkjuþing 2017.

18. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af Hreini Hákonarsyni

**Þingsályktun  
um líknarsjóði sókna**

Kirkjuþing 2016 beinir því til kirkjuráðs að aflað verði upplýsinga um málefni líknarsjóða sókna og geri tillögur um starfsemi þeirra ef þurfa þykir.

19. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun  
um útgáfu sálmabókar þjóðkirkjunnar árið 2017**

Kirkjuþing samþykkir útgáfu sálmabókar á afmæli siðbótarinnar árið 2017.

20. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga**  
**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjutónlist**  
**á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002**

Málið var dregið til baka.

21. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga**

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009**

Málið var dregið til baka.



22. mál kirkjubings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur**  
**um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

1. gr.

12. gr. starfsreglnanna breytist svo:

*Reykjavíkurprófastsdæmi eystra*

Fellasókn og Hólabrekkusókn, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, sameinist.

Nafn sóknarinnar verður Fella- og Hólasókn.

Fellaprestakall og Hólabrekkuprestakall sameinast í eitt prestakall, Fella- og Hólaprestakall.

*Vestfjarðaprófastsdæmi*

Gufudalssókn og Reykhólasókn sameinist.

Nafn sóknarinnar verður Gufudals- og Reykhólasókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, öðlast gildi 30. nóvember 2016.

23. mál kirkjuþings 2016

Flutt af Guðrúnu Karls Helgudóttur, Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur, Steindóri Haraldssyni, Þorgrími Daníelssyni og Þórunni Júlíusdóttur

**Skýrsla  
um stefnumótun þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2016 samþykkir að vinnu starfshóps um stefnumótun þjóðkirkjunnar verði frestað meðan unnið er að gerð nýrra þjóðkirkjulaga, starfsreglna og almannatengsla. Í ljósi þess er breytingatillögunni hafnað.

## **Þingsályktun um samkirkjustefnu Þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2016 samþykkir samkirkjustefnu Þjóðkirkjunnar.

### **Samkirkjustefna Þjóðkirkjunnar**

Þjóðkirkjan telur köllun kristinnar kirkju til einingar mikilvæga og leggur áherslu á að sú eining sé sýnileg í biðjandi, boðandi og þjónandi starfi; með samræðu, samfélagi og samstarfi. Sjálfsmýnd okkar sem lúterskrar kirkju er að starfa af heilindum með öðrum kirkjum.

### **Greinargerð**

#### *1. Hvað er samkirkjulegt starf?*

Samkirkjumál eru þýðing á hugtaki sem á rætur í gríska orðinu *oikoumene*, sem þýðir í raun hinn byggði heimur. Í yfirfærðri merkingu er það þau sem byggja saman hinn kristna heim – hin kristna kirkja sem er ein þó að hún greinist í margar deildir. Kristur bað fyrir lærisveinum sínum og þeim sem tækju trú fyrir orð þeirra – að allir væru þeir eitt. (Jóh 20:23).

Samkirkjuhreyfingin vinnur að því að græða mein og vinna að einingu kristinnar kirkju, einingu sem þó tekur mið af fjölbreytni kristinna safnaða um allan heim og ólíkra kirkjudeilda. Í heimi þar sem kristin trú er víða á undanhaldi eða jaðarsett verður ekki hjá því komist að kristnar kirkjur vinni saman.

Samkirkjulegt starf hefur fyrst og fremst verið skilgreint sem samstarf kirkjudeilda. Það er þó einnig notað hér á landi um samstarf við systurkirkjur erlendis, s.s. norrænar kirkjur eða við Lúterska heimssambandið. Þjóðkirkjan á einnig í samstarfi við fólk af öðrum trúarbrögðum en um það er notað hugtakið þvertrúarlegt starf (interfaith). Samkirkjulegt starf Þjóðkirkjunnar á sér stað innanlands og á alþjóðavettvangi meðal annars með þátttöku í hinni alþjóðlegu samkirkjulegu hreyfingu. Í þessu skjali er orðið samkirkjulegt starf notað um samstarf kirkna innanlands og utan og kirkjudeilda.

Vinnan að einingu kristins fólks og kirkjunnar snýr bæði að kenningarlegum málefnum og samstarfi. Markmiðið er að vinna í átt að einingu, vitandi að sú eining felur í sér fjölbreytni. Margt hefur áunnist og markvisst samstarf og samræður skilað árangri sem er sýnilegur í yfirlýsingum og skjölum og í viðamiklum verkefnum sem kirkjurnar hafa sinnt saman. Þar má meðal annars nefna hvernig unnið hefur verið að sameiginlegum skilningi á skírni, altarissakramenti og embættum (Lima skýrslan), yfirlýsingu um sameiginlegan skilning um réttlætingu af náð (Lúterska heimssambandið og kaþólska kirkjan) og gagnkvæmri viðurkenningu á embættum og sáttmála um að vaxa saman í lífi og starfi (Porvoo sáttmálinn).

Markmið samkirkjuhreyfingarinnar er að vinna að sýnilegri einingu hinnar kristnu

kirkju og að leggja lóð á vogarskálar betri heims með því að vera virk í að minna á kristin gildi og hvetja til réttlætis, friðar og náttúrverndar.

Samkirkjuleg vinna hefur því frá upphafi mótast annars vegar af samræðum milli kirkjudeilda þar sem leitast er við að ná sameiginlegum skilningi á ákveðnum þáttum kristinna trúar. Hins vegar hefur hún mótast af samstarfi þar sem kirkjudeildir sinna saman þeirri köllun að vera hendur og fætur Krists á jörð, „að seðja, gleðja og græða mein“ (S.E., sb 374).

## 2. *Saga samkirkjulegs samstarfs.*

Við upphaf 20. aldar komu fram hreyfingar kristinna einstaklinga sem vildu vinna markvisst að einingu kirkjunnar. Upphaf samkirkjuhreyfinga samtímans er meðal annars rakið til stúdentahreyfinga og leikmannahreyfinga á 19. öld og til kristniboðshreyfinga, sem fundu sterkt fyrir því hve klofningurinn gróf undan trúverðugleika kirknanna á kristniboðsárinum. Þær boðuðu til alþjóðlegs fundar kristniboðsfélaga í Edinborg árið 1910 sem oft er vitnað til sem upphaf samkirkjustarfs, þó að margt fleira hafi þar verið til umfjöllunar og þar hafi eingöngu fulltrúar mótmælendakirkna frá Norður-Evrópu og Norður Ameríku komið saman. Þá kom hvatning frá rétttrúnaðarkirkjum árið 1920 að mynda bandalag kirkna. Þessar hreyfingar urðu til þess að Alkirkjuráðið (World Council of Churches) var stofnað árið 1948. Þar komu saman ýmsar mótmælendakirkjur og rétttrúnaðarkirkjur. Þjóðkirkjan var þar meðal stofnaðila. Fleiri höfðu hlýtt kalli Krists að vinna að einingu og má þar nefna sænska erkibiskupinn Nathan Söderblom sem átti frumkvæði að samkirkjulegu hreyfingunni Líf og starf, sem síðar rann saman við Alkirkjuráðið. Þjóðkirkjan var einnig þátttakandi í stofnun Lúterska heimssambandsins (Lutheran World Federation) árið 1947 og Evrópuráðs kirkna (Council of European Churches) 1956. Fyrri tvö samtökin voru formlega stofnuð í kjölfar heimsstyrjaldar þegar mikil sáttavinna var framundan og mörg landssvæði í rústum og fólk á flóttu. Kirknaráðið var stofnað á tíma kalda stríðsins og eitt af markmiðum þess var að vera stuðningur við kirkjur í austantjaldslöndum. Þjóðkirkjur Norðurlanda hafa jafnan átt samvinnu á ýmsum sviðum og virkt samstarf á sviði samkirkjumála. Árið 1996 urðu einnig tímamót er Porvoo sáttmálinn var undirritaður milli lúterskra kirkna á Norðurlöndum og biskupakirkna á Bretlandseyjum. Í sáttmálanum heita kirkjurnar að vaxa saman í lífi og starfi og staðfesta gagnkvæma viðurkenningu á vígslu, menntun og embættisgengi.

Þjóðkirkjan hefur tekið þátt í starfi stóru kirknasamtakanna en að jafnaði sótt stærri þing og nýtt ýmislegt efni sem frá þeim kemur. Mest hefur verið unnið með Lúterska heimssambandinu þar sem þjóðkirkjan hefur átt stjórnarmann síðan 1975. Þjóðkirkjan hefur einnig starfað formlega í nefndum á vegum Alkirkjuráðsins. Þaðan kemur líka efni samkirkjulegrar bænavíku sem haldin er ár hvert. Mest hefur virknin verið í margs kyns samstarfi við kirkjur Norðurlanda og innan Porvoo samstarfsins, bæði á ýmsum sviðum kirkjustarfs, svo sem með biskupafundum, þátttöku í vígslum, kvennastarfi, æskulýðsstarfi og fræðslumálum en einnig vinna Norrænu kirkjurnar saman innan

stóru samkirkjulegu samtakanna. Þá hefur þjóðkirkjan tekið þátt í starfi evrópsku kærleiksþjónustunnar, *Eurodiakonia*.

Á Íslandi hefur verið starfrækt formlegt samstarf milli kristinna safnaða frá því um 1980 þegar Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi var stofnuð að frumkvæði þjóðkirkjunnar. Óformleg samvinna á sér miklu lengri sögu, til dæmis um Alþjóðlegan bænadag kvenna, starf sem forystukonur Hjálpræðishersins leiddu lengst af.

Sjálfstæð félög og stofnanir innan kirkjunnar starfa einnig oft á samkirkjulegum grunni. Hjálparstarf kirkjunnar starfar t.d. náið með samkirkjulegu hjálparsamtökunum ACT, Æskulýðssamband þjóðkirkjunnar (ÆSKP) er í samstarfi við *European Fellowship of Christian Churches*, Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum (ÆSKR) er í samstarfi við *Ecumenical Youth Council of Europe*.

### 3. Framtíðarsýn í samkirkjulegu starfi

Kristin kirkja er kölluð til að vinna að einingu kristins fólks, bræðra okkar og systra. Við erum kölluð til að starfa með þeim að því að breiða út fagnaðarerindið í orði og verki og vinna að því að við getum í sátt mæst við altarisborðið.

Samkirkjulegt starf er mikilvægur þáttur í starfi kirkjunnar og kemur öllum skírðum einstaklingum við.

Samkirkjulegt starf hérlendis og erlendis minnir okkur á ábyrgð okkar á náunganum og er þáttur í því að vinna að réttlæti öllum til handa, friði og verndun sköpunarinnar.

### 4. Markmið samkirkjulegs starfs þjóðkirkjunnar

Þjóðkirkjan vill vinna að sýnilegri einingu kirkjunnar. Við viljum geta haft sameiginlegt helgihald.

- i. Við störfum með samkirkjulegum samtökum, hérlendis og erlendis, að því sem eykur samstöðu, t.d. samræður um guðfræði í heiminum.
- ii. Við biðjum fyrir einingu kirkjunnar, fyrir öðrum kirkjudeildum og kristnu fólki um allan heim.  
Við erum hluti hinnar alþjóðlegu kirkju Krists og við berum ábyrgð í kristnu samfélagi
- iii. Við tökum þátt í alþjóðlegu starfi sem stuðlar að einingu kirkjunnar.
- iv. Við leggjum okkar af mörkum til að aðstoða kirkjur sem eiga undir högg að sækja.
- v. Við leggjum áherslu á að fræða söfnuðina um ólíkar kirkjudeildir og ólíkar aðstæður.
- vi. Við hvetjum söfnuði þjóðkirkjunnar til að leggja sitt af mörkum í hjálparstarfi á erlendum vettvangi, t.d. með því að styrkja skipulagt kirkjulegt hjálparstarf.

### 5. Áætlun

Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við áherslu á samkirkjulegt starf á sviði safnaðarins, prófastsdæmisins og biskupsdæmisins.

- i. Söfnuðir þjóðkirkjunnar eru hvattir til samstarfs á sviði samkirkjumála
  - með þátttöku í alþjóðlegri samkirkjulegri bænaviku og Alþjóðlegum bæna-degi kvenna.
  - með virkri þátttöku í verkefnum á sviði kærleiksjónustu, meðal annars í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar.
- ii. Prófastsdæmin hafa umsjón með samkirkjulegu starfi í prófastsdæmum með því að
  - skipuleggja fræðslu um samkirkjumál
  - leitast við að skapa vettvang fyrir samkirkjulegt starf
  - skipuleggja þátttöku í átaksverkefnum samkirkjulegra samtaka.
- iii. Til að vinna að markmiðum þessarar stefnu og samhæfa starfið skipar Biskup Íslands samkirkjunefnd, samkvæmt starfsreglum um samkirkjunefnd (starfsr. nr. 1006/2005).
- iv. Samkirkjunefnd gerir jafnan fjögurra ára áætlun um áherslur í samkirkjulegu starfi erlendis. Þar komi fram á hvaða sviði þjóðkirkjan hyggst beita kröftum sínum, bæði áherslumálefni (d. Guðfræði, hjálparstarf, umhverfismál, jafnréttismál o.s.frv.) og áherslusvæði (d. Norðurlönd, Porvoo samstarf, Evrópa, Alkirkjuráðið, Lútherska heimssambandið og Evrópska kærleiksjónustan).

25. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af kirkjuþingi unga fólksins

**Þingsályktun  
um æskulýðsstarf í söfnuðum þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2016 ályktar að leggja beri rækt við barna- og unglíngastarf kirkjunnar. Hér er um að ræða eitt mikilvægasta starf kirkjunnar. Þar sem því verður ekki við komið í sókn skal það unnið í samstarfi við aðrar sóknir.



26. mál kirkjuþings 2016  
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur**  
**um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

1. gr.

12. gr. starfsreglnanna breytist svo:

*Austurlandsprófastsdæmi*

Skeggjastaðasókn, Langesprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi, tilheyri eftirleiðis Hofsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

## Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2016

### **Matsnefnd um val og veitingu prestsembættis**

*Aðalmenn:*

Ásbjörn Jónsson

Ragnhildur Benediktsdóttir

*Varamenn:*

Arnfríður Einarsdóttir

Jóhannes Pálmason

### **Kjörnefnd**

Formaður: Hjördís Stefánsdóttir

Varaformaður: Hjalti Zóphóníasson

*Varamenn:*

Anna Guðmundar Ingvarsdóttir

Vigfús Ingvar Ingvarsson

### **Yfirkjörstjórn**

Ásbjörn Jónsson, formaður

Andri Árnason, varaformaður

Ragnhildur Benediktsdóttir

Þórir Stephensen

*Varamenn*

Hjalti Zóphóníasson

Magnús B. Björnsson

### **Starfshópur um skírnarfræðslu: (17. mál)**

Kristján Valur Ingólfsson

Sjöfn Jóhannesdóttir

Drífa Hjartardóttir

Nefndin skipti með sér verkum.